



„Ég get gefið þeim miklu meira ef ég er menntuð“
Náms- og starfsferill kvenna sem eignast sitt fyrsta barn þegar þær eru á aldrinum 16-19 ára

Henný Sigurjónsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**„Ég get gefið þeim miklu meira ef ég er menntuð“
Náms- og starfsferill kvenna sem eignast sitt fyrsta barn þegar þær eru á
aldrinum 16-19 ára**

Henný Sigurjónsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf
Leiðbeinendur: Sif Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Henný Sigurjónsdóttir 2013

Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Megin markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvaða áhrif það hefur á náms- og starfsferil kvenna að eignast barn áður en að þær ná 20 ára aldri. Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferð. Tekin voru hálf stöðluð einstaklingsviðtöl við 7 konur á aldrinum 24-36 ára sem allar eiga það sameiginlegt að hafa eignast sitt fyrsta barn þegar þær voru á aldrinum 16-19 ára. Helstu niðurstöður sýna að konurnar leggja mikið upp úr menntun, hún sé lykillinn að velgengni í lífinu og með henni sé auðveldara að fá góð störf. Til þess að getað stundað nám er stuðningur ungum mæðrum nauðsynlegur, bæði frá fjölskyldu, barnsföður og skóla sem og fjárhagslegur stuðningur. Skólinn þarf að koma til móts við þær með úrræðum sem auðvelda þeim að sameina móðurhlutverkið við nemahlutverkið. Þá kom fram að allar áttu konurnar mæður sem einnig voru ungar þegar þær eignuðust sitt fyrsta barn. Barnsfeðurnir eru allir eldri en mæðurnar og samband þeirra hefur ekki haldist fram til dagsins í dag. Þá tóku fjölskyldur barnsfeðranna fréttum af þungun betur en fjölskyldur kvennanna.

Abstract

The main purpose of this study was to explore the career development of women that give birth to their first child before they become 20 years old. I used qualitative research methods and conducted seven semi-standardized interviews with seven women that had given birth to their first child when they were 16-19 years old. The results show that the women value education as the key to success in life. Being educated makes it easier to get good jobs. To be able to study, the young mothers need good support from their family, the child's father, the school and they also need financial support. The school has to offer some solutions that helps them cope with motherhood as well as being a student. All of the women have mothers that were also young when they had their first child, the children's fathers are all older than the mothers and the relationships between them did not last. The father's families took the pregnancy news much better than the families of the young mothers.

Formáli

Rannsókn þessi er 30 ECTS eininga lokaverkefni í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Rannsóknin er eigindleg og var gerð til þess að kanna hvaða áhrif það hefur á náms- og starfsferil kvenna að eignast barn áður en þær verða 20 ára gamlar. Til þess að afmarka mig ákvað ég að ræða við konur sem voru á aldrinum 16-19 ára þegar barnið kom í heiminn. Ástæðan fyrir því að þessi aldur varð fyrir valinu er sá að á þeim aldri er stór meirihluti ungmenna við nám í framhaldsskóla. Áhugi minn á efninu kviknaði þegar ég las um að stærsti hluti þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg eru ungar einstæðar mæður sem ekki hafa menntað sig að loknum grunnskóla. Ég fór að velta fyrir mér hvaða ástæður gætu legið að baki því að þær hafa ekki gengið menntavegin. Ástæðurnar eru eins og gefur að skilja af ýmsum toga en ég komst að því að ein helsta ástæða brotthvarfs stúlkna frá framhaldsskólanámi eru barneignir. Mig langaði þess vegna að kanna hvort barneignir einar og sér væru ástæða þess að stúlkur hætta í námi eða hvort það gæti verið að skilnings- og úrræðaleysis gætti innan hins hefðbundna framhaldsskólakerfis gagnvart þeim stúlkum sem verða þungaðar á meðan á námi stendur eða hafa barn á sinni framfærslu. Með rannsókn þessari vonast ég til að getað aflað upplýsinga sem náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum gætu nýtt sér við að koma á fót úrræðum fyrir þennan hóp nemenda. Það að skólinn komi til móts við ólíkar þarfir stúlkanna með úrræðum sem gerðu þeim kleift að stunda nám sitt jafnhliða móðurhlutverkinu myndi þá vonandi eiga sinn þátt í því að draga úr brotthvarfi.

Ég þakka viðmælendum mínum kærlega fyrir sinn þátt í rannsókninni, fyrir að hafa gefið sér tíma til þess að segja frá þeirra upplifun af því að verða ung móðir. Aðalleiðbeinanda mínum Dr. Sif Einarsdóttur dósent í náms- og starfsráðgjöf færi ég bestu þakkir fyrir góða og faglega leiðsögn, aðstoð og góð ráð. Einnig vil ég þakka meðleiðbeinanda mínum Dr. Gyðu Margréti Pétursdóttur aðjúnkt í kynjafræði fyrir veitta aðstoð og góðar ábendingar. Um yfirlestur verkefnisins sáu Sigrún Anna Guðmundsdóttir og Þórunn Marsilía Lárusdóttir og færi ég þeim bestu þakkir fyrir hjálpina.

Að lokum vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir allan þann ómetanlega stuðning, hvatningu, hjálpsemi og þolinmæði sem þau hafa veitt mér á meðan á námi mínu stóð.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Abstract.....	4
Formáli.....	5
Efnisyfirlit.....	6
1. Inngangur	7
1.1 Námsferill unglíngamæðra í kynjuðu samfélagi.....	9
1.1.1 Kynjað samfélag og menntun kvenna.....	11
1.1.2 Brotthvarf stúlkna úr framhaldsskólanámi.....	14
1.2 Starfsferilspróun kvenna.....	15
1.2.1 Hindranir	18
1.2.2 Móðurhlutverkið	21
1.3 Stuðningur	23
2. Aðferð.....	26
2.1 Þátttakendur	27
2.2 Framkvæmd	29
2.3 Úrvinnsla gagna.....	30
2.4 Siðferðileg álitamál.....	31
3. Niðurstöður.....	32
3.1 Ég er ólétt.....	32
3.2 Ömmurnar.....	34
3.3 Náms- og starfsferilspróun og stuðningur	35
3.4 Hvað getur skólinn gert?.....	39
4. Umræður.....	41
4.1 Barneignir á mikilvægum tíma í náms- og starfsferilspróun	41
4.2 Ungar mæður og framhaldsskólinn	46
5. Lokaorð	49
Heimildir.....	51
Fylgiskjal 1	57

1. Inngangur

Við Íslendingar erum dugleg í að stæra okkur af hinum og þessum metum sem við eigum miðað við hina margrómuðu höfðatölu. Eitt af þessum metum er að hér á landi hefur fæðingartíðni unglingsstúlkna á aldrinum 15-19 ára um alllangan tíma verið hærri en á hinum Norðurlöndunum (Bender, Geirsson og Kosunen, 2003). Viðhorf Íslendinga til þungana ungra kvenna virðist vera jákvæðara hér heldur en á hinum Norðurlöndunum og ekki hefur verið litið á þær sem félagslegt vandamál (Sóley S. Bender, 2005). Árið 2012 fæddust hér á landi 126 börn sem áttu mæður á aldrinum 16-19 ára. Þessar fæðingar voru 2,8% af öllum lifandi fæðingum það árið. Í Svíþjóð voru fæðingar mæðra á þessum sama aldri 0,9% af öllum lifandi fæðingum þar í landi (Hagstofa Íslands, 2013a; Statistiska centralbyrån, 2013).

Miklar breytingar verða á högum ungra stúlkna sem eignast barn, allt í einu eru þær ekki áhyggjulausar unglingsstelpur heldur mæður sem bera ábyrgð á öðrum einstakling. Margar ákvarðanir sem snerta framtíðina bíða þeirra til dæmis sem varða náms- og starfsferilinn. Ákvarðanir eins og hvort þær geti haldið áfram námi eða hvort þær verði að hætta til þess að fara út á vinnumarkaðinn. Á aldrinum 16-19 ára er stór meirihluti unglunga við nám í framhaldsskóla. Rannsóknir hafa verið gerðar á brotthvarfi þaðan og komið hefur í ljós að ein ástæða sem stúlkur gefa fyrir því að hætta í skóla eru barneignir (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Í þekkingarsamfélaginu sem við búum í er menntun nauðsynleg og eru ungmenni sem ekki ljúka framhaldsskóla í miklum áhættuhóp um fjölmarga þætti. Til dæmis eiga þau fremur á hættu að verða atvinnulaus og fá verr launuð störf, miklu máli skiptir því fyrir framtíð ungmenna að ljúka framhaldsskóla (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Þetta á ekki hvað síst við um ungar mæður sérstaklega í ljósi þess að á landsvísi hafa konur minni tekjur en karlar (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009). Samkvæmt rannsókn sem Velferðarsvið Reykjavíkurborgar gerði á aðstæðum barnafjölskyldna í Reykjavík kom í ljós að foreldrar sem þiggja fjárhagsaðstoð eru að mestu leyti ungar einstæðar mæður sem ekki hafa menntað sig að loknum grunnskóla (Ásdís A. Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður H. Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir, 2012).

Spurningar vakna hverjar ástæður þess eru að ungar mæður eiga erfitt með að feta sig í skólakerfinu og klára framhaldsskólann eftir að barnið kemur í heiminn. Eignuðust þær kannski barn til að finna sér hlutverk þegar skólagangan gekk ekki sem skyldi? Eða var það áhugaleysi, peningaleysi, stuðningsleysi og skortur á sjálfstrausti sem spiluðu þarna inn í.

Getur kannski verið að enn eimi af þeim gömlu gildum að það sé hlutverk móðurinnar að vera heima og sjá um börn og heimili og því þori stúlkur ekki öðru en að vera meira heimavið? Í rannsókn sem gerð var á reynslu eldri og yngri nemenda í leikskólakennaranámi kom í ljós að ástæður þess að eldri nemendurnir höfðu ekki lokið námi þegar þær voru ungar voru barneignir. Þrátt fyrir að þær höfðu stefnt að því lengi að fara í nám þá létu þær heimilið alltaf í forgang vegna þess að þeim skorti þann félagslega stuðning sem nauðsynlegur var til þess að geta sameinað skólann og fjölskylduna (Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2004). Góður stuðningur við ungar mæður er því nauðsynlegur svo þær geti sameinað nýja hlutverkið sitt við önnur sem þær gegna. Þar spilar nánasta fjölskylda þeirra og barnsfaðir stærsta hlutverkið (Wahn, 2007).

Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í náms- og starfsferil kvenna sem eignuðust sitt fyrsta barn þegar þær voru á aldrinum 16-19 ára. Þó svo að áhugi minn á efninu hafi kviknað eftir að hafa lesið um ungar einstæðar ómenntaðar mæður þá ákvað ég að einbeita mér að menntunarhlutanum og leita því fanga hjá konum sem áttu það sameiginlegt að hafa ungar eignast börn burtséð frá því hver staða þeirra í þjóðfélaginu væri í dag. Rannsóknin fjallar því ekki um ungar einstæðar ómenntaðar mæður heldur ungar mæður og þróun náms- og starfsferils þeirra. Rætt var við sjö konur á aldrinum 24-36 ára um upplifun þeirra af því að verða ung móðir og hvaða afleiðingar það hafði á náms- og starfsferil þeirra. Rannsóknarspurningarnar eru tvær. Sú fyrri: Hafa barnegninir kvenna á aldrinum 16-19 ára áhrif á náms- og starfsferil þeirra? Seinni spurningunni var beint að viðmælendum mínum: Hvernig finnst þér að framhaldsskólinn eigi að koma til móts við ungar mæður í námi? Mikilvægt er að framhaldsskólar bjóði upp á stuðning í námi og sveigjanleika til þess að mæta þörfum ungra mæðra. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að ungar mæður sem halda áfram námi með aðstoð sérstaks stuðningskerfis sem sniðið er að þeirra þörfum eru líklegri til þess að halda áfram í skóla og útskrifast heldur en ungar mæður sem ekki eru í sérstöku stuðningskerfi (Sadler, Swartz, Ryan-Krause, Seitz, Meadown-Oliver, Grey og Clemmens, 2007). Ég vonast til þess að niðurstöður þessarar rannsóknar komi til með að nýtast náms- og starfsráðgjöfum í framhaldsskólum og öðrum menntastofnunum sem vinna með ungum mæðrum í námi. Náms- og starfsráðgjafar eru í lykilstöðu til að aðstoða þær, veita þeim stuðning og aðstoða kennara við að koma á góðu stuðningskerfi sem hentar þörfum þeirra. Það má því ætla að með því að mennta sig og klára framhaldsskóla séu ungar mæður að búa í haginn fyrir bjartari framtíð bæði fyrir sig og barnið sitt.

1.1 Námsferill unglíngamæðra í kynjuðu samfélagi

Þegar fjallað er um það nám og þau starfstengdu hlutverk sem einstaklingur hefur verið í um ævina er talað um náms- og starfsferil (e. career development). Ferillinn er í sífelldri þróun og getur breyst mikið eftir því sem að einstaklingurinn lærir meira eða skiptir um starfsvettvang. Ýmsir utanaðkomandi og einstaklingsbundnir þættir hafa áhrif á náms- og starfsferilinn. Þetta eru þættir eins og til dæmis samfélagið, fjölskyldan, hvenær og hvar einstaklingurinn fæddist, áhugi, metnaður og gildismat (Sharf, 2010). Samfélagið lítur á kynin, kvenkyn og karlkyn sem tvo mismunandi hópa, ekki jafningja. Af þeim sökum hefur kyn einstaklingsins einnig áhrif á náms- og starfsferil hans (Bimrose, 2008). Barneignir eru mikill áhrifavaldur á náms- og starfsferil kvenna sérstaklega ef þungun á sér stað á viðkvæmum tíma í lífi móðurinnar. Þessi viðkvæmi tími sem tengdur er náms- og starfsferli eru unglingsárin. Sá tími er mjög þýðingarmikill vegna þess að þá eru einstaklingar að taka ákvarðanir sem snerta framtíðina (Novakovic, 2007).

Það er ekki ýkja langt síðan að farið var að tala um nám og störf einstaklinga sem feril. Donald Super (1957) var einn af upphafsmönnum þess. Hann kom um miðja síðustu öld fram með þá kenningu að hægt væri að setja nám og störf einstaklinga upp sem feril sem hann kallaði starfsferil. Samkvæmt Super spannar starfsferillinn allt líf einstaklinga. Breytingar í samfélaginu á undanförunum árum hafa gert það að verkum að vinnumarkaðurinn hefur breyst gífurlega frá því sem áður var. Hér áður fyrr var vinnumarkaðurinn ekki eins flókinn og hann er núna. Fólk ákvað við upphaf starfsævi sinnar hvaða starf það vildi vinna við og þurfti oftast ekki að endurskoða þá ákvörðun sína seinna, það vann bara sína vinnu alla starfsævina á enda (Skills Commission, 2008). Algengt var að starf kvenna væri inn á heimilinu, þær eignuðust börn og voru heima að sjá um þau, allt annað sat á hakanum. Rannsókn sem gerð var á eldri konum í leikskólakennaranámi sýndi að þegar þær voru ungar þá vildu þær mennta sig en létu heimilið alltaf hafa forgang (Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2004). Barneignir ungra kvenna á framhaldsskólaaldri geta komið í veg fyrir að þær ljúki námi og því eiga ungar mæður í dag margt sameiginlegt með þessum konum. En krafa samfélagsins um símenntun og sviptingar á vinnumarkaðinum gera hlutina mögulega ennþá snúnari fyrir þær heldur en konur sem eru af þeirri kynslóð þar sem minni áhersla var á menntun. Við búum í dag í þekkingarsamfélagi þar sem algengt er að einstaklingar skipti oft um vinnu, þeir eru lengur við nám og fara jafnvel aftur í nám eftir að hafa verið út á vinnumarkaðinum. Það gera þeir til þess að öðlast meiri þekkingu og vinna sig þannig upp innan síns fyrirtækis eða til þess að læra eitthvað alveg nýtt (Savickas, 2008). Við búum í samfélagi sem er sífellt að breytast og

Það krefst þess að allir einstaklingar innan þess séu virkir þátttakendur, konur jafnt sem karlar. Til þess að geta styrkt stöðu sína og verið virkur á síbreytilegum vinnumarkaði er menntun nauðsynleg. Hún gerir fólki líka kleift að eflast og þroskast og ná persónulegum markmiðum sem þau hafa sett sér í tengslum við náms- og starfsferil sinn (Savickas, 2005). Þeir sem hafa litla menntun eða færni búa við lítið atvinnuöryggi og hafa ekki eins mörg atvinnutækifæri og þeir sem hafa menntað sig (Blustein, 2006). Allt kapp er því lagt á að sporna við brotthvarfi ungmenna úr framhaldsskólum vegna þess að með menntun öðlast einstaklingar þá hæfni sem vinnumarkaðurinn krefst, hún eykur einnig framleiðni, færnanleika vinnuafis og nýsköpun í atvinnulífinu (Krumboltz og Worthington, 1999; Jón Torfi Jónasson, 2004).

Að auki skiptir sköpum fyrir almenna ánægju og vellíðan einstaklinga að vera ánægður með starfsferilinn. Það þurfa allir á því að halda að fá smá fjölbreytni í líf sitt, hún gerir lífið skemmtilegra hjá bæði konum og körlum. Við höfum öll þörf fyrir að vera í sambandi við annað fólk, þörf fyrir að afreka eitthvað og rækta getu okkar og hæfileika (Betz, 1994). Þessum þörfum fá flestir fullnægt í starfi utan heimilis og það á sinn þátt í almennri starfsánægju fólks. Rannsóknir á starfsánægju hafa sýnt að konur eru almennt mjög ánægðar í starfi, jafnvel ánægðari en karlar (Hodson, 1989). Allt eru þetta þættir sem einnig hafa jákvæð áhrif á náms- og starfsferilinn (Sharf, 2010). Rúmlega helmingi þess tíma sem við erum vakandi eyðum við í vinnunni. Ef að vinnan er ekki að veita okkur ánægju, okkur finnst hún til dæmis leiðinleg, þá getur óánægjan sem við finnum fyrir smitað út frá sér og haft neikvæð áhrif á aðra þætti lífsins. Algengt er að óánægja í starfi hafi mikil áhrif á samband einstaklings við fjölskyldu og vini (Sharf, 2010). Konur eru í sérstökum áhættuhóp hvað þetta varðar. Sú krafa samfélagsins um að þær eigi að bera mesta ábyrgð á heimilisstörfum og barnaupveldi gerir það að verkum að það reynist þeim erfiðara að taka ákvarðanir sem snerta starfsferilinn. Þær eru því líklegri til að velja sér nám og störf út frá hvað hentar fjölskyldunni frekar en áhuga (Farmer, 1997). Að eignast barn á þeim tíma þegar stúlkur eru að taka ákvarðanir um starfsferil sinn getur haft mikil áhrif á það hvaða menntun eða störf móðirin unga velur sér. Ætla má að líkurnar á því að hún velji starf sem hentar móðurhlutverkinu aukist ef hún hefur ekki gert það upp við sig hvað hana langar virkilega til að starfa við í framtíðinni.

Það má ekki gleyma því að erfitt getur reynst að skipuleggja náms- og starfsferilinn í þaula því ýmislegt getur komið upp á sem breytt getur áður ákveðnum plönun. Krumboltz setur fram hugtakið tilviljanir (e. chance) í þessu samhengi. Að einstaklingar verði að vera viðbúnir því að tilviljanir geta komið upp sem breytt gætu ákvörðunum sem búið var að taka. Einstaklingar verða að vera opnir fyrir nýjum upplýsingum og tækifærum og vera viðbúnir því að óvæntir atburðir geta gerst. Atburðir sem munu óhjákvæmilega eiga sinn þátt í að

skapa starfsferilinn (Mitchell, Levin og Krumboltz, 1999). Barneignir eru einn af þessum óvæntu atburðum sem komið geta upp og haft áhrif á náms- og starfsferil kvenna. Samfélagið lítur ekki sömu augum á konur og karla og því hafa barneignir ólík áhrif á náms- og starfsferil þeirra. Þó að karlmaður sé að verða faðir þá virðist sem það hafi lítil sem engin áhrif á náms- og starfsferil hans (Harrington, Van Deusen og Ladage, 2010). Samfélagið gerir ekki ráð fyrir löngum fjarvistum föðurins af vinnumarkaði heldur gerir ráð fyrir að konan sé meira frá vinnu því það sé hennar verk að sjá um barnauppleidið. Hér á eftir verður fjallað nánar um hvað hefur verið rætt og ritað um starfsferilsþróun kvenna.

1.1.1 Kynjað samfélag og menntun kvenna

Kenningar um náms- og starfsferil eiga flestar rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna og voru í upphafi miðaðar við hvíta millistéttar- eða efri millistéttarkarlmenn. Það var ekki fyrr en á sjötta áratug síðustu aldar sem farið var að gefa náms- og starfsferli kvenna einhvern gaum. Ástæðan fyrir því að litið var framhjá konum fyrstu 50-60 árin þegar grunnur var lagður að helstu starfsþróunarkenningum er sá að ekki var litið á konur sem einstaklinga sem ætluðu sér starfsframa (e. career). Þeirra hlutverk var að vera inni á heimilinu til þess að búa til matinn, þrifa, sjá um börnin, þrjóna og sauma. Almennt var talið að þó að sumar konur væri í vinnu þá væri sú vinna aðeins tímabundin þangað til að konan myndi gifta sig eða til frambúðar ef konan væri svo óheppin að geta ekki náð sér í mann (Betz, 1994; Blom, 1994). Í dag er ekki eins algengt og áður að konur séu heimavinnandi. Konur jafnt sem karlar vinna úti og fjárhagslegt framlag konunnar skiptir orðið miklu máli fyrir velferð fjölskyldunnar (Annadís G. Rúdólfssdóttir, 2000). Vinnan og heimilið er talið mikilvægt og bæði kynin velja að sinna báðum hlutverkunum til jafns og öðlast fjárhagslegt öryggi (Betz, 2005).

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að skoða sögulega þróun þess að karlarnir unnu úti og konurnar heima. Það að eiginmaðurinn sé útivinnandi og afli tekna fyrir fjölskylduna á meðan eiginkonan er heima að sjá um börn og bú kallast fyrirvinnukerfi. Þeir sem mestar mætur höfðu á slíku kerfi voru máttarstólpar samfélagsins sem töldu að verkaskipting milli karla og kvenna væri einn af hornsteinum samfélagsins, forsenda velfarnaðar einstaklinga og góðu siðferði þeirra (Guðmundur Jónsson, 2004). Hlutverk kvenna í fyrirvinnukerfinu var að hugsa um börnin því það var talið þeim eðlislægt og að sama skapi var það talið karlmönnum eðlislægt að vera fyrirvinna heimilisins (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2009). Í anda þessarar stefnu voru lagðar á ýmsar lagalegar skorður við þátttöku kvenna á vinnumarkaðinum. Þrátt fyrir að þetta hafi verið ríkjandi þjóðfélagsviðmið þá varð það aldrei allsráðandi og náði helst

útbreiðslu meðal millistéttar kvenna, hér á landi sem og erlendis. Margar konur unnu utan heimilisins hvort sem þær voru giftar eða ekki. Þær voru til dæmis þjónustustúlkur inn á heimilum annarra og unnu í fiski, við ýmsan iðnað og þjónustu. En þær bjuggu við minna öryggi á vinnumarkaðinum heldur en karlarnir, fengu lægri laun vegna þess að litið var á starf þeirra sem aukastarf og félagslegar tryggingar og ýmsa velferðarþjónustu sem stóð körlum til boða var ekki að finna fyrir þær (Annadís G. Rúdólfsdóttir, 2000; Guðmundur Jónsson, 2004; Loftur Guttormsson, 2008).

Hér á landi voru helstu ástæður þess að konur fóru í auknu mæli að sækja út á vinnumarkaðinn uppúr 1960 úrræði í velferðarmálum sem og áherslur stjórnvalda í jafnréttismálum. Dæmi um þessi úrræði eru til dæmis sjúkradagpeningar, fjölskyldubætur (barnabætur), dagvistunarþjónusta fyrir börn, stuðningur við einstæðar mæður og bættar getnaðarvarnir sem gerðu konum kleift að hafa stjórn á barneignum (Guðmundur Jónsson, 2004; Annadís G. Rúdólfsdóttir, 2000). Frá þeim tíma hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist jafnt og þétt. Til dæmis þá voru 34% kvenna á vinnumarkaðinum árið 1960 en 77,8% kvenna á vinnumarkaðinum árið 2012. Svipaðar ástæður eru að baki aukinni atvinnuþátttöku kvenna á hinum Norðurlöndunum. Það er skoðun margra að Norðurlöndin hafi haft forystu um það að styrkja félagslega stöðu og réttindi kvenna og þannig virkjað þær til aukinnar þátttöku í opinberu lífi. Norðurlöndin urðu þannig kvenvæn velferðarríki (Guðmundur Jónsson, 2004; Hagstofa Íslands, 2013b).

En af hverju vildu konur fara út á vinnumarkaðinn, voru þær ekki þegar starfandi inn á heimilinu? Sumir vilja meina að svo sé en Nancy Betz (1994) er því alls ekki sammála. Hún segir að ekki sé hægt að tala um giftingu og barnaupveldi og þá vinnu sem því fylgir inni á heimilinu sem lögmætt starf. Ástæðurnar fyrir því eru eftirfarandi, a) starfið er launalaust og felur ekki í sér nein réttindi eins og ellilífeyri; b) felur ekki í sér nein tækifæri til frama; c) krefst engrar þjálfunar né atvinnuöryggis; d) myndi ekki vera talið sem lögmætt starf fyrir karlmann, yfirleitt er talað um karla sem eru heima sem atvinnulausa. Að auki hafa rannsóknir á tengslum andlegrar líðanar og félagslegri stöðu sýnt að giftar heimavinnandi konur eru í meiri hættu á að þjást af alvarlegri vanlíðan heldur en konur sem eru útvinnandi (Betz, 1994; Betz 2005). Konur þurfa að fá útrás, sem felst meðal annars í því að takast á við fjölbreytt verkefni, fá að vera í öðrum hlutverkum heldur en eiginkona og móðir, efla tengsl sín við aðra, leggja sitt af mörkum til samfélagsins og afla tekna. Þannig fá hæfileikar þeirra og geta að njóta sín til fullnustu og persónulegur þroski þeirra og sjálfstraust eykst. Rannsóknir benda til þess að þrátt fyrir að margbreytileg hlutverk séu tímafrek og geti valdið streitu þá geta þau komið í veg fyrir þunglyndi (Betz, 2005).

Á sama tíma og konur hér á landi streymdu út á vinnumarkaðinn varð vitundarvakning í Bandaríkjunum um að ekki væri hægt að miða alla landsmenn við hvíta millistéttarkarlmenn, aðrir hópar í samfélaginu hefðu rétt til að láta í sér heyra og skrifa sögu sína út frá sjálfum sér. Aukinn réttindabaráttu kvenna samtvinnaðist réttindabaráttu blökkumanna þar í landi og í lok áratugarins hafði margt áunnist fyrir báða þessa hópa. Þrátt fyrir aukin réttindi og aukna atvinnuþátttöku kvenna þá mættu þeim víðsvegar ósýnilegir þröskuldar sem hægðu á starfsferli þeirra og þróun hans og komu í veg fyrir að þær gætu stundað sína vinnu til jafns við karlmenn (Blom, 1994). Að eiga börn og vilja eignast börn getur verið mikil hindrun á náms- og starfsferli kvenna og er gott dæmi um ósýnilegan þröskuld. Óhjákvæmilega gera barneignir það að verkum að móðirin er frá vinnu eða námi í lengri eða skemmri tíma. Sú hugsun að uppeldi barna hvíli alfarið á herðum mæðranna verður til þess að sum fyrirtæki vilja síður ráða konur á barneignaraldri í vinnu (Masselot, 2013).

Frá árinu 1911 hafa konur á Íslandi haft sama rétt til menntunar og karlar. Það ár voru sett lög sem heimiluðu þeim að njóta kennslu og ljúka fullnaðarprófi í öllum menntastofnum landsins (Lög um rétt kvenna til embættisnám, námsstyrks og embætta 37/1911). Árið 1944 var svo bundið í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands að allir skuli hafa tryggðan rétt til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi (Lög um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr.33/1944). Skólaskylda er í grunnskólum landsins og eiga þeir að vera fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6-16 ára. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla eiga allir sem lokið hafa grunnskólanámi að eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla og stendur nemendum sem ekki hafa náð tilskyldum árangri við lok grunnskóla, til boða að fara í fornám innan framhaldsskólans (Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996). Hér á landi fara langflestir nemendur í framhaldsskóla strax eftir að þeir ljúka grunnskóla, til dæmis fóru 95% allra 16 ára nemenda árið 2011 beint í framhaldsskóla (Hagstofa Íslands, 2013c). Margir halda svo áfram og fara að loknum framhaldsskóla í háskólanám af ýmsu tagi. Konur eru þar í miklum meirihluta. Háskóli Íslands var stofnaður sama ár og konur fengu jafnan rétt til menntunar á við karla, árið 1911. Fyrsta háskólaárið voru 45 nemendur við nám þar af ein kona (Háskóli Íslands, e.d). Fjöldi kvenna í háskólanámi hefur farið vaxandi upp frá því og nú er svo komið að konur eru í meirihluta þeirra sem stunda háskólanám. Árið 2011 voru þær rúm 65% af öllum nemendum sem skráðir voru í Háskóla Íslands það árið (Hagstofa Íslands, 2013d). Þó svo að meirihluti nemenda fari í framhaldsskóla þá þýðir það ekki að allir útskrifist þaðan. Brotthvarf er mikið og ýmsar hindranir standa í vegi fyrir því að fólk mennti sig. Barneignir, sem er aðal viðfangsefnið hér er ein slík hindrun. Nánar verður fjallað um það í næsta kafla, og þá sérstaklega um brotthvarf kvenna frá námi.

1.1.2 Brotthvarf stúlkna úr framhaldsskólanámi

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal skilgreina brotthvarfsmenndur sem þá einstaklinga sem ekki hafa farið í nám að loknum grunnskóla eða hafa hætt í framhaldsskóla. Hér mun ég nota þeirra skilgreiningu. Eins og áður hefur komið fram er nauðsynlegt að fólk mennti sig, samfélagið hreinlega krefst þess. Þeir sem ekki hafa framhaldsskólamenntun eru verr staddir nú en áður fyrr, hafa minni möguleika á vinnumarkaðinum, eru líklegri til að vinna láglounastörf og eiga fremur á hættu að verða atvinnulausir (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Stærstur hluti þeirra sem nú eru án atvinnu á Íslandi eru þeir sem hafa aðeins lokið grunnskólaprófi eða 48% á móti 12% sem hafa lokið stúdentsprófi og 12% iðnnámi (Hrafnhildur Tómasdóttir, 2012).

Þó svo að langflestir nemendur stefni á stúdentspróf að loknum grunnskóla þá er alltaf einhver hluti nemenda sem hverfur brott frá námi áður en að hann nær að ljúka því. Hér á landi er brotthvarf frá námi mun meira en á hinum Norðurlöndunum. Árið 2002 höfðu um 30% ungs fólks á aldrinum 20-24 ára ekki lokið framhaldsskóla en aðeins 5% ungmenna í Noregi (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Margar og mismunandi ástæður liggja að baki því að nemendur hverfa frá námi, ástæður eins og námsleiði, lítil trú á eigin getu, fjárhagsvandi, boð um gott starf og heimilisaðstæður. Hjá drengjum er helsta ástæðan námsleiði en hjá stúlkum er það barneignir (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Lengi hefur því verið haldið fram að stúlkur séu betri námsmenn en drengir og fá hærri einkunnir en þeir (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). En stúlkur eru mismunandi og standa sig alls ekki allar vel, alveg eins og drengir standa sig ekki allir illa. Margar stúlkur þurfa aðstoð í námi en stúlkur með sérþarfir virðast vera vangreindur hópur innan skólakerfisins (Berglind Rós Magnúsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2005). Slíkt er mikil hindrun fyrir þær stúlkur sem eru í sárri þörf fyrir sérkennslu. Þær koma verr undirbúnar inn í framhaldsskólana og eru þar af leiðandi í meiri brotthvarfshættu heldur en þær stúlkur sem eru betur undirbúnar. Unglingsárin geta verið mjög erfið fyrir stúlkur. Rannsóknir hafa sýnt að unglingsstúlkur standa frammi fyrir „fallinu“ (e. the fall) en það verður þegar þær byrja að skilgreina sig útfrá hvernig strákar sjá þær. Sjálfsöryggi þeirra minnkar, þær byrja að hata líkama sinn og standa sig illa í skólanum (Myers og Raymond, 2010). Þess vegna þarf að hvetja stúlkur meira í námi, sérstaklega þegar þær eldast, til sjálfstæðis, frumkvæðis og áræðis og það þarf að herða þær. Kennarar þurfa að passa að þær gleymist ekki og fylgjast vel með þeim (Ingólfur Ásgeir

Jóhannesson, 2004). Þó þær sitji stilltar og þrúðar og virðast vera að gera það sem ætlast er til af þeim þá getur meira en vel verið að þær þurfi aðstoð og séu ekki að skilja námsefnið nógu vel.

Þegar nemendur sjá engan tilgang með náminu eða eru komnir með námsleiða eru miklar líkur á því að þeir hverfi frá námi (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Ætla má að nemendur í þeim hóp hafi ekki fundið nám sem vakti áhuga þeirra, séu illa staddir námslega, líði illa í skólanum eða skorti framtíðarsýn. Þessir nemendur eru í mikilli þörf fyrir aðstoð. Náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum eru í góðri stöðu til að aðstoða þessa nemendur við að finna áhugasvið sitt og hjálpa þeim að líða vel og sjá tilgang með náminu. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að náms- og starfsfræðsla fyrir nemendur í brotthvarfshættu geti aukið trú þeirra á eigin hæfni til að bera ábyrgð á starfsvali sínu. Þá gerði Guðbjörg Aðalbergsdóttir (2006) rannsókn þar sem kom í ljós að gott aðgengi að náms- og starfsráðgjöfum er einn af fáum þáttum í innra starfi skóla sem dregið getur úr brotthvarfi (Menntamálaráðuneytið, 2007).

Náms- og starfsfræðsla þarf að byrja strax í grunnskóla til þess að nemendur fái tækifæri til þess að kynnast störfum og námsleiðum sem þeim stendur til boða. Passa þarf uppá að kynna bæði drengjum og stúlkum störf sem lítið hefur verið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Vel ígrundað náms- og starfsval og öflug náms- og starfsfræðsla getur lagt grunninn að ánægjulegum og árangursríkum starfsferli og aðstoðað nemendur að gera raunhæfar áætlanir um framtíðina. Með góðri starfsfræðslu eiga nemendur auðveldara með að taka ákvörðun um hvert skal stefna (Menntamálaráðuneytið, 2007).

1.2 Starfsferilsþróun kvenna

Til þess að aðstoða þá sem finna fyrir óánægju í starfi sem og þá sem af einhverjum orsökum finna ekki sinn farveg í námi eða starfi, notast náms- og starfsráðgjafar við starfsferilskenningar. Með þeim aðstoða ráðgjafar ráðþega við að skoða sjálfan sig, safna upplýsingum, taka ákvarðanir um starfsframa eða velja leið að starfsframa sem er ásættanleg og raunhæf fyrir ráðþegan með tilliti til áhugamála og getu (Betz og Fitzgerald, 1987). Kenningar um starfsferilinn reyna að útskýra hegðun sem á sér stað yfir margra ára skeið, hegðun sem einstaklingur sýnir þegar hann bregst við þeim fjölmörgu upplifunum sem hann hefur orðið fyrir á lífsleiðinni (Sharf, 2010). Starfsferilskenningar eru líkt og samfélagið okkar sífellt að taka breytingum. Þegar starfsumhverfi breytist þá breytast líka þær aðferðir sem notaðar eru til þess að hjálpa einstaklingum við að taka ákvarðanir um starfsferil sinn

(Savickas, 2008). Hér mun ég fara nánar í tvær starfsferilskenningar. Starfsferilsþróunarkenningu Donald Super (e. career development theory) og félagsnáms- og hugrænu kenninguna SCCT (e. social cognitive career theory). Þessar tvær kenningar útskýra vel hvernig barneignir hafa áhrif á þróun náms- og starfsferils kvenna.

Kenning Donald Super (1957) um það að starfsþróun einstaklinga byrji að mótast strax á unga aldri er starfsferilskenning á sviði lífsskeiðskenninga (e. life span theories). Kenningin er talin gefa góða heildræna mynd af því hvernig þróun starfsferilsins gengur fyrir sig allt líf einstaklingsins, frá vöggu til grafar. Samkvæmt Super hefur hver einstaklingur sex lífshlutverk (e. life role). Þau eru barn, nám, starf, þátttaka í samfélaginu, heimili/fjölskylda og frítími/tómstundir. Þessi lífshlutverk eru partur af fimm lífsstigum (e. life stage) sem einstaklingar fara í gegnum á lífsleiðinni. Þessi stig eru vaxtarstig (e. growth) sem á sér stað frá fæðingu til 14 ára aldurs, könnunarstig (e. exploration) sem er frá 15-25 ára, koma sér fyrir stigið (e. establishment) sem er frá 25-45 ára, halda sér við stigið (e. maintenance) sem er frá 45-65 ára og að lokum starfslokastigið (e. disengagement) sem er frá 65 ára aldri og til dauðadags. Þrátt fyrir að stigin séu aldurstengd þá getur fólk flakkað fram og til baka um þau allt sitt líf (Super, 1990).

Ungu mæðurnar sem ætlunin er að beina sjónum að hér voru allar á könnunarstiginu þegar þær eignuðust sitt fyrsta barn. Á því stigi eru unglingar að ákveða sig hvað þeir vilja gera í framtíðinni og leggja sig fram við að kanna og leita sér upplýsinga um hvaða störf eða námsleiðir standa þeim til boða. Þetta er mjög mikilvægt stig í starfsferilsþróun vegna þess að þá eru teknar mikilvægar ákvarðanir sem snerta framtíðina. Barneignir á þessu stigi gætu því haft mikil áhrif á framtíðarplön mæðranna og náms- og starfsferil þeirra. Könnunarstiginu er hægt að skipta í þrennt, sundurgreiningu (e. crystallizing), sérgreiningu (e. specifying) og framkvæmd (e. implementing). Á sundurgreiningarstiginu eru einstaklingar að ákveða hvað þeir vilja gera og finna út hvernig þeir munu komast þangað. Inn í þessa ákvörðun spila þættir eins og áhugi, geta og gildismat einstaklingsins. Á sérgreiningarstiginu þurfa einstaklingar að tilgreina sérstaklega hvað þeir vilja læra eða vinna við. Einstaklingur getur hafa ákveðið að verða læknir en á sérgreiningarstiginu þarf hann að ákveða hvernig læknir hann vill verða til dæmis augnlæknir, barnalæknir eða krabbameinslæknir. Á síðasta stiginu, framkvæmdarstiginu, byrja einstaklingar að gera áætlun um hvernig þeir muni geta komist í starfið eða námið sem þeir hafa ákveðið að fara í. Þeir ræða við fólk sem gæti hjálpað þeim eins og náms- og starfsráðgjafa, atvinnumiðlanir eða ættingja og vini. Þeir skrifa ferilskrár, sækja um störf og fara í atvinnuviðtöl (Sharf, 2010). Við það að eignast barn þurfa ungar mæður að leggja sín plön til hliðar um stundar sakir eða jafnvel hugsa um framtíðina alveg

upp á nýtt. Samkvæmt kenningu Supers er það að endurskoða ákvarðanir sínar hluti af lífinu og það getur gerst oft á lífsleiðinni (Sharf, 2010).

Super benti sjálfur á það að starfsferilspróun kvenna hefði breyst mikið síðan hann setti sína kenningu fyrst fram. Varð það til þess að rannsóknir hófust á þróun starfsferils kvenna út frá kenningu Supers. Eitt af því sem kom útúr þeim rannsóknum var svokölluð vistfræðileg nálgun (e. ecological perspective), sem reynst hefur mjög vel við að aðstoða konur með starfsferil sinn. Með þeirri nálgun er verið að kanna sambandið á milli persónunnar og umhverfisins með sérstaka áherslu á hlutverk umhverfisins (Sharf, 2010). Starfsferilspróun allra kvenna verður í sérstöku samfélagslegu samhengi, það er að segja gildi, venjur og almennar reglur samfélagsins gefa upplýsingar um viðeigandi og óviðeigandi störf sem byggja á samfélagslegu kynjaviðmiði sem konan er partur af (Cook, Heppner, og O'Brien, 2005). Með vistfræðilegri nálgun er verið að kanna hvernig þessir hlutir sem og menning, stjórnsmál, menntun og annað í samfélaginu hefur áhrif á starfsferilspróun einstaklinga. Flestar aðrar nálganir einblína á áhugamál, getu og gildismat einstaklingsins. Með vistfræðilegri nálgun eru ráðgjafar ekki bara að aðstoða konur við að skoða möguleika sína heldur aðstoða þeir þær við að taka ákvarðanir og hjálpa þeim að fást við öll þau ólíku hlutverk sem þær gegna eins og móðir, eiginkona, nemi, starfsmaður og svo framvegis. Ungum mæðrum getur reynst erfitt að sameina vinnu eða nám við móðurhlutverkið og geta lent í erfiðleikum með að ráða við alla þá pressu sem því fylgir (Sharf, 2010). Þess vegna er nauðsynlegt að þær hafi einhvern til að tala við og aðstoða sig. Í vistfræðilegri nálgun er ráðgjafinn talsmaður og samstarfsaðili ráðþegans (Cook o.fl. 2005). Þessi nálgun myndi því geta hentað ungum mæðrum mjög vel, hvort sem þær væru úti á vinnumarkaðinum eða í framhaldsskóla, sem væri þá þeirra vinnustaður. Hin kenningin sem einnig er góð til þess að skilja náms- og starfsferilspróun ungra mæðra er félagsnáms- og hugræn kenning sem á ensku kallast social cognitive career theory. Kenningin gengur alla jafna undir ensku skammstöfuninni SCCT og verður svo gert hér eftir.

SCCT er huglæg kenning sem á rætur sínar að rekja til félagsnámskenningar Alberts Bandura. Aðalhugtakið í kenningu Bandura og í SCCT er trú á eigin getu, en það er að trúa á hæfileika sína til að geta framkvæmt ákveðið verk með góðum árangri. Þeir sem hafa litla trú á eigin getu forðast erfið verkefni, verkefni sem þeir sjá sem ógn við sig, þeir eru búnir að ákveða að þeir geti ekki unnið verkið í staðinn fyrir að einbeita sér að því hvernig hægt væri að leysa það. Þeir gefast fljótt upp og missa trú á sjálfum sér, miklar líkur eru á að fólk sem skortir trú á eigin getu verði þunglynt og taugaóstyrkt. Þeir sem hafa mikla trú á eigin getu eru algjör andstæða þeirra sem ekki hafa trú á sér. Þeir gefast ekki upp og taka erfiðum verkefnum

sem áskorun sem þeir vilja leysa. Þeir setja sér markmið og gera allt til að ná þeim, ef illa gengur þá finna þeir út nýja leið og prófa aftur í staðinn fyrir að falla í þunglyndi og sjálfsvorkunn. Það er ekki nóg að segjast hafa trú á eigin getu, maður þarf virkilega að trúá því (Bandura, 1993).

Í SCCT er sérstök áhersla lögð á ráðgjöf með konum. Hackett og Betz (1981) voru fyrstar til þess að taka kenningu Bandura um trú á eigin getu og tengja hana við starfsval einstaklinga. Þær bentu á að trú á eigin getu spilaði stærra hlutverk í starfsferilsákvarðanatöku kvenna heldur en áhugamál, gildismat og geta. Samkvæmt þeim þá virðast konur hafa litla trú á eigin getu þegar kemur að störfum sem teljast til karlastarfa en mikla trú á eigin getu þegar kemur að störfum sem teljast til kvennastarfa. Lítil trú á eigin getu er því mikil hindrun á starfsferli kvenna og getur staðið í vegi fyrir því að þær sækji inn á starfssvið sem þær hafa áhuga á en halda að þær geti ekki valdið. Konur og ekki síst ungar mæður þurfa aðstoð við að byggja upp trú á eigin getu því það auðveldar náms- og starfsval þeirra. Þær þurfa að finna að þær geta vel verið góð móðir og góður námsmaður eða starfskraftur. Samkvæmt Bandura þá eru fjórar tegundir náms eða reynslu sem getað hjálpað einstaklingi að fá aukna trú á sjálfum sér. Þetta eru í fyrsta lagi árangur, það er að segja þegar einstaklingur sér árangur af því sem hann er að gera, þá styrkist trú hans á að hann geti gert hlutina, í öðru og þriðja lagi hvatning og hrós frá öðrum sem hafa trú á einstaklingnum og í fjórða lagi fyrirmyndir. Það að hafa jákvæða fyrirmynd getur haft mjög góð áhrif á einstaklinga, þeir sjá að aðrir sem hafa verið í þeirra sporum eru að gera góða hluti og lifa góðu lífi (Bandura 1977; Bandura, 1993). Það er sérstaklega mikilvægt að konur hafi aðrar konur sem fyrirmyndir. Skortur á þeim getur virkað sem hindrun á náms- og starfsferil sem er í mótun (Betz og Fitzgerald, 1987). Nánar verður fjallað um hindranir sem orðið geta á náms- og starfsferli kvenna í næsta kafla.

1.2.1 Hindranir

Þeir sem fjallað hafa um starfsferilsþróun kvenna hafa lagt á það áherslu að þeim mæta á mörgum stöðum miklar hindranir. Í sögulegu samhengi þarf það ekki að koma á óvart þar sem kynin virðast enn í dag vera í ólíkum hlutverkum innan samfélagsins. Þessar hindranir taka á sig ýmsar myndir. Það eru þrenns konar hindranir sem konur finna helst fyrir. Þær eru samfélagslegar (e. environmental), félagsmótandi (e. socialized) og hugarfarslegar hindranir (e. internal barriers) (Betz, 2005). Undir samfélagslegum hindrunum eru þættir eins og kynhlutverk og staðalímyndir tengdar ákveðnum störfum. Strax við fæðingu er komið öðruvísi fram við stelpur en stráka og börn fá ólík skilaboð um hlutverk þeirra (Betz, 1994).

Þeim er ýtt inn í fyrirfram ákveðið mót þar sem stúlkum er kennt að þær séu andstæða drengja og þær verði að haga sér kvenlega til að verða samþykktar í samfélaginu, sem hefur verið mótað fyrir ákveðin þjóðfélagshóp og tekur illa í öll frávik frá viðmiðinu (Myers og Raymond, 2010). Í þjóðfélaginu eru ríkjandi kynbundnar staðalímyndir starfa sem gera það að verkum að konur sækja lítið í störf sem talin eru til hefðbundinna karlastarfa og öfugt jafnvel þótt þær hafi áhuga á þessum störfum. Konur setta sig því oft við það að velja sér nám eða starf sem þeim finnst að hæfi þeirra kyni og fjölskyldugerð í staðin fyrir að velja eftir áhugasviði sínu (Barbulescu og Bidwell, 2012). Það á stóran þátt í því að viðhalda kerfisbundnu mismæmi á aðstöðu kynjanna á vinnumarkaðinum. Bent hefur verið á að þetta mismæmi leiði til ójafnvægis á vinnumarkaði og hafi sterk áhrif á laun kynjanna í þá veru að hefðbundnar kvennastéttir hafa lægri laun en sambærilegar stéttir þar sem kynjahlutfall er jafnara eða karlar í meirihluta (Katrín Björk Ríkarðsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2012). Ef konur hefðu aðrar konur sem fyrirmyndir á þessum hefðbundnu karlasviðum væru meiri líkur á að þær myndu sækja eftir frama innan þeirra (Betz og Fitzgerald, 1987).

Undanfarin ár hefur mikið verið talað um launamISRÉTTI á milli kynja, að karlmenn fái meira borgað en konur fyrir sömu störf. Þennan mismun er ekki hægt að útskýra með lengri vinnuviku karlanna, starfi þeirra, menntun eða neinum öðrum þáttum sem mögulega gætu haft áhrif á launinn. Þessi munur er dæmi um samfélagslega hindrun en lengi hefur tíðkast að konur fái minna borgað en karlmenn. Tölur sýna þó að undanfarin ár hefur launamunurinn farið minnkandi. Árið 1998 var óútskýrði munurinn um og yfir 30-35% og var hann komin niður í 13-20% árið 2011. Sem dæmi má taka að samkvæmt VR, þá er óútskýrður launamunur kynjanna innan VR um þessar mundir 9,4%. Munurinn virðist því vera að minnka en talsvert er enn í land að hann hverfi alveg (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2012; VR, 2013).

Togstreita milli starfsferils og fjölskyldu er félagsmótandi hindrun. Samkvæmt Betz og Fitzgerald (1987) er hún algengasta hindrunin sem verður á þróun starfsferils kvenna. Þar undir fellur sú hugmynd að það sé hlutverk kvenna að sjá að mestu eða öllu leyti um börn og heimili burtséð frá því hvort þær séu útivinnandi eða ekki. Nýlegar rannsóknir Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands benda þó til þess að verkaskipting á heimilum sé að verða jafnari, karlmenn séu farnir að taka meiri þátt í heimilisstörfunum en þeir gerðu. Árið 2005 vorðu konur að meðaltali 15,5 klukkustundum á viku í heimilisstörf en karlarnir tæpum 8 klukkustundum. Árið 2010 hafði stundum kvennanna fækkað niður í 13 og karlanna hækkað í 9 klukkustundir (Kolbeinn Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir, 2010). Rannsóknir hafa þó sýnt að karlar telja sig eyða meiri tíma í heimilisstörfin heldur en konur segja þá gera

(Forsætisráðuneytið, 2004). Rannsókn Farmer (1997) bendir til að karlmenn líti ekki á það sem þeirra hlutverk að sjá um heimili og barnauppeldi en þeir séu til staðar til að hjálpa til við það. Spurning hvort slíkur hugsunarháttur sé á undanhaldi eða hvort eitthvað annað standi á bak við aukna þátttöku þeirra í heimilisstörfunum? Í rannsókn Þjóðmálastofnunar sem vitnað er í hér að ofan eru áhrif kreppunnar talin eiga sinn þátt í þessu, að karlar auki við sig heimilisstörf í ljósi færri stunda sem þeir verja í launavinnu (Kolbeinn Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir, 2010). Þrátt fyrir að það sé talið gott fyrir andlega líðan fólks að hafa nóg að gera þá er hægt að hafa of mikið að gera og stundum verður þá eitthvað að gefa eftir. Oftast er það starfið utan heimilis og konur velja sér starf sem er fjölskylduvænna en það starf sem þær voru í eða vildu helst vera í (Betz, 2005). Önnur hindrun tengd þessu er það hvernig lítið er á konur, sérstaklega mæður, sem óáreiðanlega starfskrafta. Þarna spilar inn sú hugmynd að konan eigi að vera meira heimavið ef eitthvað kemur uppá og líkurnar séu því miklar að hún sé mikið frá vinnu af þeim sökum (McCauley, 1993).

Hugarfarslegar hindranir tengjast því hvernig konan sér sjálfa sig og ber þar hæst lítið sjálfsálit (e. low self-esteem) og lítil trú á eigin getu (e. low sense of self-efficacy). Rannsóknir hafa sýnt að það er mikill munur á trú á eigin getu karla og kvenna og virðast konur gjarnan gera lítið úr hæfileikum sínum. Sú tilhneiging getur verið mikil hindrun á annars farsælum starfsferli kvenna (Fassinger, 2005). Fræðimönnum hefur ekki komið saman um það hvaða ástæður eru að baki því að konur hafi almennt minna sjálfsálit en karlar. Margir vilja meina að það sé eitthvað í menningu okkar og samfélagi sem stuðli að lágu sjálfsmati kvenna. Það er allavega nokkuð ljóst að munurinn er ekki meðfæddur, eitthvað gerist á lífsleiðinni sem veldur þessu. Í meistaraaritgerð Berglindar Rósar Magnúsdóttur (2003) kemur fram að það að treysta á sjálfan sig er eitt af einkennum þess að vera „alvöru“ karlmaður. Önnur einkenni eru öryggi, vald, ákveðni og skynsemi svo einhver séu nefnd. Í kvenleika felast önnur einkenni og þar ber hæst ósjálfstæði, líkamlegt þróttleysi og að vera nærandi og samúðarfull. Allt eru þetta einkenni sem tekin hafa verið í arf frá feðraveldinu og virðast að mörgu leyti ennþá lifa góðu lífi.

Rannsókn sem kostuð var af samtökum kvenna í amerískum háskólum sýndi fram á að það er ekki fyrr en uppúr 10 ára aldri, eða á kynþroskaskeiðinu sem draga fer úr sjálfsáliti beggja kynja en þó meira hjá stúlkum (AAUW, 1995). Bent hefur verið á að ástæðan fyrir því geti til dæmis verið sú að á kynþroskaskeiðinu leiði þær breytingar sem verða á líkama stúlkna til óánægju. Einnig hefur verið bent á að á þeim aldri fari stúlkur að gera sér í auknu mæli grein fyrir því að jafnræði gætir ekki á meðal kynjanna. Þær finna fyrir því að það er ekki ætlast til þess sama af þeim og drengjunum (Major, Barr, Zubek og Babey, 1999). Þessar

niðurstöður eru í samræmi við rannsóknir á „fallinu“ svokallaða sem áður hefur verið rætt um, en það verður þegar stúlkur fara að skilgreina sig útfrá því hvernig strákar sjá þær. Í rannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal á námsgengi og afstöðu ‘75 árgangsins til náms, kom í ljós að meðal fólks með sambærilegan námsárangur og sambærilega námsstöðu þá höfðu karlarnir meira sjálfsálit heldur en konurnar. Þá fundu þau að tengsl eru á milli námsstöðu og sjálfsálits kvenna, konur með stúdentspróf hafa meiri sjálfsálit en konur sem eru með próf úr verknámi og konur sem ekki hafa lokið framhaldsskóla. Sjálfstraustið virðist því vaxa með aukinni menntun. Slík tengsl er ekki að finna hjá körlum og virðast þeir því hafa sjálfstraust sem er alveg ótengt námsstöðu (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Hér í þessari rannsókn sjónum meðal annars beint að þessu viðfangsefni. Hvort einhverjar hindranir, og þá hvaða, geta orðið á náms- og starfsferli kvenna sem eignast sitt fyrsta barn þegar þær eru á aldrinum 16-19 ára.

1.2.2 Móðurhlutverkið

Eins og áður hefur komið fram þá eru barneignir nefndar sem ein helsta ástæða brotthvarfs stúlkna úr framhaldsskólum hér á landi. Árið 2012 fæddust á Íslandi 126 börn sem áttu mæður á aldrinum 16-19 ára (Hagstofa Íslands, 2013a). Athyglisvert er að stúlkur sem eignast börn ungar eiga yfirleitt sjálfar mæður sem ungar eignuðust sitt fyrsta barn (Rendall, 2003). Ekki er gott að segja hvort þessi 126 börn hafi öll átt mæður sem hurfu frá námi, átt ungar ömmur eða hvort fæðingarnar hafi verið planaðar. En yfirleitt hafa unglingar ekki planað að verða barnshafandi, það bara „gerðist“ (Haley og Sherwood-Hawes, 2006). Gwynedd Lloyd veltir því fyrir sér í bókinni *Problem girls* (2005) hvort að stúlkum sem gengur illa í framhaldsskóla sjái barneignir sem leið þaðan út. Að þær losni við kröfur um skólagöngu og námsárangur og gefi lífinu einhvern tilgang með því að verða móðir (Lloyd, 2005). Sænskar rannsóknir styðja þetta sjónarmið að móðurhlutverkið gefi stúlkum tækifæri til að losna við og gleyma fortíðinni, skapi þeim nýtt lífshlutverk og gefi þeim einhvern sem verður í lífi þeirra að eilífu (Wahn, 2007). Rannsókn á slíku skortir hér á landi en eitt er víst að óæskilegt er talið að ungar stúlkur á framhaldsskólaaldri standi í barneignum. Barneignir stúlkna í þessum aldurshópi eru meira áhyggjuefni í dag en áður fyrr. Barneignir geta orðið til þess að stúlkur hverfi frá námi áður en þær ljúka framhaldsskóla. Það getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér í þekkingarsamfélaginu sem við búum í. Víða erlendis er staða ungra mæðra mikið áhyggjuefni og sterkt samband virðist vera milli barnsfæðinga unglingsmæðra og slakrar félagslegri stöðu

þeirra. Að einhverju leyti virðist slíkt einnig eiga við hér á landi. Ætlunin er að skoða það nánar í þessari rannsókn.

Margir vilja meina að ungar mæður sé sá hópur sem er í mestri hættu á því að hverfa frá framhaldsskólanámi en aðrir vilja meina að þær njóti meiri velgengni í framhaldsnámi heldur en að fólk geri sér grein fyrir. Í svonefndri Utanskólarannsókn (2003) kemur fram sjónarmið nokkurra námsráðgjafa í framhaldsskólum landsins. Ráðgjafarnir vilja meina að ungar mæður séu duglegir námsmenn og ekki í meiri hættu en aðrir nemendur að hverfa frá námi, sérstaklega ekki ef þær hafa gott bakland og ágætt kerfi í kringum sig (Svandís Nína Jónsdóttir o.fl., 2002). Erlendar rannsóknir styðja þetta sjónarmið. Ungar mæður sem halda áfram námi með aðstoð sérstaks stuðningskerfis sem sniðið er að þeirra þörfum eru líklegri til að halda áfram í skóla og útskrifast heldur en þær ungu mæður sem ekki eru í stuðningskerfi (Sadler o.fl., 2007). Námsráðgjafar eru í lykilstöðu til þess að aðstoða þessa nemendur, sem og aðra nemendur auðvitað. Þeir eru málssvari nemendanna og ef ungar mæður geta leitað beint til þeirra og fengið inn í einhverskonar stuðningskerfi myndi það létta á áhyggjum þeirra. Þær þyrftu þá ekki að tala sérstaklega við hvern og einn kennara og standa í því einar að reyna að skipuleggja námið sitt. Hér fá raddir viðmælenda minna að heyrast hvað þetta varðar. Leitað var eftir þeirra áliti á því hvernig framhaldsskólinn gæti komið til móts við ungar mæður í námi. Einnig var þeirra reynsla könnuð og hvort einhver úrræði og þá hvaða hafi verið í boði þegar þær lögðu stund á framhaldsskólanám.

Á Íslandi virðast flestar ungar konur ætla sér að verða mæður og lítið er niður á þær sem velja að eignast ekki barn. Það að vera móðir hefur verið skilgreint sem hápunktur kvenleikans og hin eina sanna köllun konunnar (Annadís G. Rúdólfsdóttir, 2000), þess vegna finnst mörgum það skrítið þegar kona vill ekki eignast barn. Þessi skilgreining á kannski ekki eins mikið við í dag og hún gerði á fyrri hluta síðustu aldar, eða hvað? Hér áður fyrr var staður kvenna inni á heimilinu, þær voru fyrst og fremst eiginkonur og mæður og sú vinna var talin nægja til að fullnægja þeirra tilfinningalegu þörfum, það var jú í eðli þeirra að vera mæður, hvað meira gætu þær viljað? Á síðustu áratugum virðist sem ímynd móðurinnar hafi lítið breyst. Samfélagið virðist ennþá sjá móðurina sem fulltrúa hefðbundinna kvenlegra dyggða. Það að vera móðir er krefjandi hlutverk og oft ánægjulegt en það getur líka verið erfitt og kallað fram tilfinningar af öllum gerðum, allt eftir aðstæðum og aðstoð sem móðirin fær (Annadís G. Rúdólfsdóttir, 2000). Til þess að geta hugsað um börnin sín verða konur að muna að þær eru meira en bara mæður og nauðsynlegt er að rækta sjálfan sig líka. Það er mikil vinna og ábyrgð sem fylgir því að hugsa um lítinn ósjálfbjarga einstakling og stundum vill það verða að mæður einangrast en það getur haft mjög slæm áhrif á heilbrigði þeirra.

Ungar mæður eru í sérstökum áhættuhóp hvað þetta varðar og líklegri en eldri mæður til að þjást af þunglyndi (Annadís G. Rúdólfsdóttir, 2000; Betz, 2005).

Mæður eru ekki einsleitir hópur, þær eru jafn misjafnar og þær eru margar og reynsla þeirra er aldrei eins. Mikill munur er til dæmis á reynslu ungrar móður sem býr enn hjá foreldrum sínum þegar hún eignast sitt fyrsta barn og reynslu giftrar móður sem er að eignast sitt annað barn. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að við það að verða mæður upplifa konur sig sem alveg nýja manneskju. Persónulegur þroski þeirra eykst og þær læra betur á sjálfar sig, þær verða þolinmóðari, ákveðnari, ábyrgðafyllri og ekki eins sjálfselskar. Þær breyta lífsstíl sínum og hvernig þær nota tímann og gildi móðurhlutverksins verður meira, jafnvel þó að þungunin hafi ekki verið plönuð (Laney, Curruthers, Hall og Anderson, 2013). Það að vera móðir er talið sjálfsagt þar sem flestar konur gegna því hlutverki. En það er erfitt og ábyrgðar mikið og móðirin mun aldrei komast undan þeirri ábyrgð svo lengi sem hún lifir (Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, 2000). Í dag líta konur á móðurhlutverkið sem mikilvægt en ekki það eina mikilvæga í lífinu, þær hafa frjálst val um hvort og hvenær þær vilja taka að sér þetta krefjandi hlutverk. Þær reyna eftir bestu getu að samræma öll þau ólíku hlutverk sem þær gegna og slíkt getur skapað mikla togstreitu og leitt til samviskubits, sem virðist hrjá margar mæður nú til dags (Annadís G. Rúdólfsdóttir, 2000). Ætla má að sökum þess að ætlast er til þess að allar konur vilji vera mæður og þær séu í eðli sinni ástríkar og góðar þá sé erfitt fyrir mæður að ræða að þær hafi jafnvel verið í vafa hvort þær hafi viljað eignast barnið, að þeim líði ekki vel í móðurhlutverkinu, eigi í erfiðleikum með umönnun og uppeldi og svo framvegis. Þær eru hræddar um hvernig samfélagið mun stimpla þær ef þær viðra slíkan hugsunarhátt. Samfélagið gæti afgreitt þær sem slæmar mæður. Í óbirtri BA ritgerð í félagsráðgjöf sem fjallar um fæðingarþunglyndi eru nefndar nokkrar ástæður fyrir því að mæður eru tregar til að leita sér hjálpar þegar þær finna fyrir vanlíðan í kjölfar barnsburðar. Allar ástæðurnar eiga það sameiginlegt að móðirin er hrædd við hvað öðrum finnst um hana. Hún telur sig vera einu móðurina í heiminum sem er ekki að standa sig í hlutverkinu sem á að vera henni eðlislægt (Marta Joy Hermannsdóttir, 2011). Til þess að getað tekist á við móðurhlutverkið er góður stuðningur nauðsynlegur, ekki síst fyrir ungar mæður. Nánar verður fjallað um stuðning hér á eftir.

1.3 Stuðningur

Móðurhlutverkið getur verið óútreiknanlegt og ekki alltaf auðvelt, alveg sama á hvaða aldri móðirin er. Það sem skilur hins vegar ungar mæður frá þeim eldri er það að barneignir voru

ekki endilega inn í myndinni, þær búa oftast heima hjá foreldrum sínum og hafa ekki mikið á milli handanna. Þá hafa þær ekki tekið út fullan þroska og eru á margan hátt ekki undir það búin að fara að hugsa um annan einstakling. Ungar mæður þurfa því á miklum stuðningi að halda bæði á meðan á meðgöngu stendur og eftir að barnið er komið í heiminn. Nánasta fjölskylda, sérstaklega móðir stúlkunnar og barnsfaðir eru helstu stuðningsaðilar hennar (Wahn, 2007).

Barnsfeðurnir eru yfirleitt eldri en stúlkurnar, að meðaltali tveimur til þremur árum (Hollman, Alderman og Adam, 2008). Oft er litið niður á þá og þeir fá á sig stimpil sem óábyrgir, að þeir hafi notfært sér stúlkuna og að þungunin sé því öll þeim að kenna. Oft eru þeir sagðir fjarlægir, að þeir taki ekki þátt í uppeldi barnsins síns, að þeir taki ekki ábyrgð á gjörðum sínum og neiti jafnvel að gangast við barninu (Weber, 2012). Að sjálfsögðu eru barnsfeðurnir jafn misjafnir og þeir eru margir. Flestir vilja taka þátt í uppeldi barna sinna og taka sameiginlegar ákvarðanir um velferð þess með móðurinni (Hollman o.fl., 2008). Hér er þeirra hlutur kannaður og hvernig þeir hafa staðið sig í feðrahlutverkinu.

Það að eignast barn hefur ekki áhrif á skólagöngu allra ungra mæðra, sumar halda ótrauðar áfram á meðan aðrar hætta. En til þess að getað stundað nám þurfa þær eins og áður hefur komið fram mikinn stuðning, bæði frá skólanum sjálfum sem og fjölskyldu sinni og jafnvel þurfa þær líka einhverskonar fjárhagslega aðstoð svo þær fari síður inn á vinnumarkaðinn áður en þær klára framhaldsskólann. Bakland ungra foreldra skiptir miklu máli, stuðningur og öruggt húsaskjól gerir sumum ungum mæðrum það kleift að stunda nám. Hvernig skólinn tekur á málefnum þeirra skiptir einnig miklu máli. Það að skólinn slaki aðeins á mætingarskyldu og bjóði jafnvel upp á fjarnám eru þættir sem geta hjálpað (Svandís Nína Jónsdóttir o.fl., 2002). Stuðningur við ungar mæður í íslenska velferðarkerfinu er ekki mikill, erfitt getur reynst að finna upplýsingar um hvað er í boði og flest virðist miðast við að ungu mæðurnar séu einstæðar. Þær eiga þó rétt á barnabótum, meðlagi ef þær eru einstæðar, fæðingarstyrk ef þær eru í fullu námi eða fæðingarorlofi ef þær eru á vinnumarkaðinum (Tryggingastofnun, e.d.; Þjóðskrá Íslands, e.d.). Hafi þær unnið að minnsta kosti þrjá mánuði eftir 16 ára afmælisdaginn þá eiga þær rétt á atvinnuleysisbótum (Vinnumálastofnun, e.d.). Þá geta þær sótt um ýmis félagsleg úrræði og styrki í gegnum þjónustumiðstöðina í sínu hverfi eða bæjarfélagi, þar geta til dæmis einstæðar mæður á aldrinum 18-24 ára fengið námsstyrk (Rauði kross Íslands, e.d.). Ef öll sund virðast lokuð geta þær leitað sér aðstoðar hjá til dæmis Mæðrastyrksnefnd eða Fjölskylduhjálpi Íslands. Með því að nýta sér þau úrræði og alla þá hjálpi sem þeim býðst eru meiri líkur á því að þær haldi áfram námi eftir að barnið fæðist.

Hér að framan hefur öll umfjöllun miðað að því að öðlast betri skilning á því hvaða þættir geti haft áhrif á náms- og starfsferilsþróun kvenna, með sérstakri áherslu á ungar mæður. Allir þeir þættir sem nefndir hafa verið liggja til grundvallar markmiðum þessarar rannsóknar. Markmiðin voru í fyrsta lagi að fá innsýn í upplifun kvenna af því að verða ung móðir og hvaða afleiðingar það hafði á náms- og starfsferil þeirra og í öðru lagi að heyra þeirra hugmyndir um hvernig framhaldsskólinn geti komið til móts við unga mæður í námi.

2. Aðferð

Við rannsókn þessa notaði ég eigindlegar rannsóknaraðferðir (e. qualitative research methods). Eigindlegar rannsóknir byggja á aðleiðslu (e. induction) þá er unnið út frá rannsóknarspurningum, gögnum er safnað og þau flokkuð og greind áður en kenningar eru settar fram. Með aðleiðslu er verið að alhæfa út frá takmörkuðum vitnisburði, hún er því háð svæðisbundnum gögnum og erfitt að yfirfæra niðurstöðurnar á aðrar aðstæður. Slíkar aðferðir henta vel þegar rannsaka á upplifun einstaklinga. Þegar eigindlegar rannsóknaraðferðir eru notaðar ræðir rannsakandinn við þátttakendur og fær upplýsingar beint frá þeim. Í eigindlegum rannsóknum eru þátttakendur valdir út frá því hvað verið er að rannsaka, þeir eiga eitthvað sameiginlegt og leitast er við að öðlast djúpan skilning á þessu sameiginlega fyrirbæri (Hennink, Hutter og Bailey, 2011). Af þessum sökum hentaði þessi aðferð minni rannsókn mjög vel. Ég valdi þátttakendur sem hæfðu rannsóknarefninu. Upplýsingar um efnið eru af skornum skammti og því nauðsynlegt að taka viðtöl og fá upplýsingar beint frá viðmælendum. Þátttakendurnir, sem allt voru konur, áttu það sameiginlegt að hafa eignast barn þegar þær voru á aldrinum 16-19 ára. Ég vildi fá að heyra frá þeim hvernig þeirra upplifun var af því að hafa eignast barn ungar, hvaða áhrif það hafði á náms- og starfsferil þeirra og hvernig þær sæju fyrir sér að framhaldsskólinn kæmi til móts við ungar mæður í námi. Með eigindlegri rannsóknaraðferð gat ég aflað persónulegra gagna frá hverjum og einum af viðmælendum mínum og þannig rannsakað viðfangsefnið.

Við val á þátttakendum í rannsóknina notaði ég snjóboltaúrtak (e. snowball recruitment). Snjóboltaúrtak er talin vera góð aðferð til þess að finna þátttakendur sem hafa sjaldgæfa reynslu að baki eða eru faldir og þess vegna erfitt að ná til þeirra með öðrum aðferðum. Til þess að komast að þátttakendum biður maður lykilmannskju, sem er einhver sem þekkir vel til fólks með reynsluna sem verið er að leita eftir, eða viðmælendur hvort þeir geti bent á einstakling sem passað gæti í rannsóknina. Viðmælendum hefur þannig verið bent á rannsóknina af einhverjum sem þeir treysta og sá hinn sami getað útskýrt um hvað rannsóknin er. Þannig eru meiri líkur á að þátttakendur samþykki að vera með (Hennink o.fl., 2011).

Þegar ég ræddi við þátttakendur rannsóknarinnar notaði ég hálf-stöðluð einstaklingsviðtöl (e. semi-standardized interviews). Slík viðtöl eru ákveðin aðferð sem notuð er til gagnasöfnunar. Með henni eru þátttakendur fengnir til að lýsa reynslu sinni og upplifun með sínum eigin orðum. Í viðtölunum er stuðst við viðtalsramma sem auðveldar rannsakanum að hafa stjórn á viðtalinu og kemur í veg fyrir að hann gleymi að spyrja einhverra spurninga sem skipta máli fyrir rannsóknina. Viðtalið er samt alls ekki í formi yfirheyrslu,

rannsakandinn spyr ekki margra spurninga og fær við þeim svör heldur er þetta meira eins og spjall þar sem báðir aðilar bregðast hvor við öðrum. Viðmælandinn segir frá reynslu sinni og rannsakandinn hvetur hann áfram og spyr ef honum finnst hann ekki hafa fengið svar við einhverju sem hann vildi vita í frásögn viðmælandans. Viðtalsramminn er þess vegna aðeins til stuðnings (Hennink o.fl., 2011).

2.1 Þátttakendur

Rannsóknin byggir á viðtölum við sjö konur sem allar eiga það sameiginlegt að hafa eignast sitt fyrsta barn þegar þær voru á aldrinum 16-19 ára. Konurnar eru í dag á aldrinum 24-36 ára gamlar. Ástæðan fyrir því að þessi aldur varð fyrir valinu er sá að ég vildi ræða við konur sem áttu börn sem voru ekki lengur smábörn. Ef þær hefðu hætt í skóla þá gæti verið möguleiki að þær hafi byrjað aftur þegar barnið eltist. Einnig sá ég fyrir mér að framhaldsskólakerfið hefði ekki tekið mjög miklum breytingum síðan að þær voru við nám og þess vegna gætu þær vel sagt sína skoðun á því hvernig þær sæju fyrir sér að hann kæmi til móts við ungar mæður í námi í dag.

Til þess að tryggja trúnað og nafnleynd viðmælenda minna hef ég breytt nöfnum þeirra sem og nöfnum á skólum og vinnustöðum.

- Eir er 26 ára gömul. Hún var 19 ára þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn. Hún og barnsfaðir hennar höfðu verið saman í 4 ár áður en barnið fæddist en hættu saman þegar barnið þeirra var 1 árs. Í dag á hún tvö börn og býr með þeim og sambýlismanni sínum, sem er faðir yngra barnsins. Eir fór í tvo framhaldsskóla áður en hún hætti til að fara að vinna. Hún var tvær annir í þeim fyrsta „ég fór aðallega þangað af því að pabbi vildi það, ég var ekki komin með bílpróf og hann skutlaði mér“. Hún skipti síðan um skóla og var þar líka í tvær annir áður en hún hætti „ég missti bara áhugann og var komin með bílpróf og átti bíl og var að vinna á kvöldin“. Eir fær fulla vinnu þar sem hún hafði verið í kvöldvinnu og fer síðan að vinna í sérverslun þangað til hún eignast barnið sitt. Eir var í fæðingarorlofi í eitt ár áður en hún fór aftur að vinna.
- Freyja er 27 ára gömul. Hún var 17 ára þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn. Hún og barnsfaðir hennar höfðu verið þar í rúman mánuð og hættu saman fljótlega eftir að hún varð þunguð. Hún býr í dag með barni sínu og kærasta, stjúpföður barnsins. Freyja fór í verklegt tveggja anna nám sem hún rétt náði að klára áður en barnið hennar kom í heiminn. Hún var heima í rúma 3 mánuði í fæðingarorlofi áður en hún fór aftur í skóla.

- Frigg er 30 ára gömul. Hún var 18 ára þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn. Hún og barnsfaðir hennar höfðu verið saman í 3 mánuði áður en þungun varð og hættu saman þegar barnið var 1 árs. Í dag býr hún með barni sínu og kærasta, stjúpföður barnsins. Frigg fór í framhaldsskóla og náði að klára tvö ár þar áður en barnið hennar fæddist. Hún var í fæðingarorlofi í 6 mánuði og tók tvö fög í menntaskólanum með orlofinu og fór að því loknu aftur í skólann.
- Gefjun er 36 ára. Hún var 18 ára þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn. Hún og barnsfaðir hennar höfðu verið saman í nokkra mánuði áður en hún varð ólétt. Þau eignuðust tvö börn en hættu saman þegar eldra barnið var 8 ára. Í dag býr hún ein með báðum börnunum sínum. Gefjun byrjaði að loknum grunnskóla í framhaldsskóla. „Ég var náttúrulega vandræða unglingur og eina sem ég hugsaði um þá var að reykja og drekka brennivín, ég minnst þess ekki að hafa stefnt að neinu sérstöku en fór nú samt í framhaldsskóla en taldi ekki út fyrstu önnina“. Hún fór því að vinna en þegar hún komst að því að hún var barnshafandi reyndi hún fyrir sér í skólanum á nýjan leik. Það gekk ekki sem skildi svo hún hætti fljótlega og fór aftur að vinna þangað til að barnið hennar fæddist. Gefjun var heima í fæðingarorlofi í 6 mánuði áður en hún fór aftur að vinna.
- Iðunn er 34 ára. Hún var 17 ára þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn. Hún og barnsfaðir hennar höfðu verið saman í rúmt ár áður en það kom í heiminn. Þau eignuðust annað barn en hættu saman þegar eldra barnið var 8 ára. Í dag á Iðunn þrjú börn og býr með þeim og eiginmanni sínum sem jafnframt er faðir yngsta barnsins. Iðunn byrjar í framhaldsskóla og nær að klára fyrsta árið þar áður en að barnið hennar kemur í heiminn. Iðunn var heima með barnið sitt í tvö ár áður en hún skráði sig í fjarnám við íslenskan framhaldsskóla þar sem hún var búsett erlendis.
- Sigyn er 32 ára. Hún var á 19. ári þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn. Hún og barnsfaðir hennar höfðu verið saman í 2 ár áður en fyrsta barnið kom. Í dag eru þau gift og eiga saman fjögur börn. Sigyn var tvö ár í framhaldsskóla áður en hún hætti og fór í hússtjórnarskóla. Námið í honum er ein önn og útskrifaðist Sigyn þaðan um jól og hóf svo aftur nám í öðrum framhaldsskóla á vorönn en kláraði hana ekki. Barnið kom svo í heiminn um sumarið. Sigyn var í fæðingarorlofi í 1 ár og fór að því loknu í framhaldsskóla.
- Urður er 24 ára. Hún var 17 ára þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn. Hún og barnsfaðir hennar voru aldrei í sambandi. Í dag á hún tvö börn og býr með yngra barninu og

föður þess. Eldra barnið býr hjá föður sínum en kemur til Urðar aðra hverja helgi. Urður skráði sig á almenna braut í framhaldsskóla og var þar í eina og hálfu viku áður en hún hætti. „Þetta var svo hallærislegt, ég keypti ekki einu sinni réttu bækurnar, mér var alveg sama“. Urður fór því að vinna í verslun og vann þar þegar barnið hennar fæddist. Hún var í fæðingarorlofi í 7 mánuði og fór þá aftur að vinna.

2.2 Framkvæmd

Gagnasöfnun fór fram með viðtölum frá október 2012 og fram í febrúar 2013. Eins og áður hefur komið fram var leitað með snjóboltaúrtaki af þátttakendum sem hentað gætu rannsókninni og einnig voru vinir og fjölskylda beðin um að benda á mögulega þátttakendur. Tveir þátttakendur fengu beiðni um þátttöku í gegnum tölvupóst en hinir fimm fengu beiðni í gegnum samskiptavefinn Facebook. Í beiðninni var rannsóknin kynnt og spurt var hvort þær hefðu áhuga á að vera með. Allar voru þær áhugasamar og samþykktu að taka þátt. Í sameiningu var hentugur tími fundinn til þess að hittast og framkvæma viðtalið. Oftast fór viðtalið fram á heimili viðmælanda.

Viðtölin voru öll um það bil klukkutími að lengd og voru tekin upp á stafrænt upptökutæki. Útskýrt var fyrir öllum þátttakendum að trúnaðar og nafnleyndar yrði gætt, að öllum nöfnum yrði breytt, bæði þeirra eigin sem og nöfnum á skólum og vinnustöðum svo ekki yrði hægt að rekja nein svör til þeirra.

Í viðtölunum var viðtalsrammi (sjá fylgiskjal) notaður til stuðnings. Viðtalsrammi er útbúinn áður en viðtölin fara fram. Í honum eru ákveðnar spurningar sem ég vildi fá svör við og hugmyndir af flæði fyrir viðtalið. Í byrjun hvers viðtals bað ég viðmælendur um að segja mér frá lífi sínu frá því í grunnskóla og til dagsins í dag, með áherslu á skólagöngu, vinnusögu, þungun og fæðingu fyrsta barns, samband við barnsföður, hvernig upplifun þeirra var af því að verða ung móðir og hvernig þær myndu vilja sjá framhaldsskólana koma til móts við mæður í námi. Með því að biðja þær um þetta var ég búin að koma að helstu útgangspunktum í viðtalsrammanum. Markmiðið með viðtölunum var að fá persónulega lýsingu viðmælandans á upplifun sinni. Þeirra frásögn var því látin ráða ferðinni, spurningarnar í viðtalsrammanum voru eingöngu notaðar ef mér fannst vanta frekari upplýsingar sem ekki höfðu komið fram í frásögninni. Þrátt fyrir að styðjast við viðtalsramma þá er alltaf til staðar nokkuð frelsi og sveigjanleiki til þess að bregðast við þegar eitthvað óvænt kemur upp. Viðtalsramminn njörvar því ekki rannsakandann niður heldur aðstoðar hann við að halda utan um efni rannsóknarinnar.

2.3 Úrvinnsla gagna

Úrvinnsla gagna byrjaði samhliða gagnasöfnuninni. Strax eftir fyrsta viðtalið breytti ég upphaflegum viðtalsramma lítilega og svo aftur eftir viðtal tvö vegna þess að ýmsar spurningar skutu upp kollinum og nýjar hugmyndir kviknuðu sem ég sá að ég yrði að hafa í huga í næstu viðtölum sem á eftir kæmu. Þetta voru spurningar eins og hvenær eignuðust mæður viðmælenda minna sitt fyrsta barn, hve lengi höfðu viðmælandinn og barnsfaðirinn verið þar áður en þungun varð og hvenær hættu þau saman ef þau voru ekki þar lengur og spurning um notkun getnaðarvarna. Við greiningu gagnanna notaði ég nálgun grundaðrar kenningar (e. grounded theory approach). Hún er notuð ef við erum að skoða hegðun og persónulega reynslu einhvers og krefst skipulagðra vinnubragða við greiningu gagna. Í grundaðri kenningu skrifar rannsakandinn athugasemdir hjá sér um leið og hann afritar og er grunngreininguna að finna í þessum athugasemdum. Þegar afritun var lokið kóðaði ég textann með opinni kóðun (e. open coding) þar sem hver viðtalslína fyrir sig var greind og leitað að þeim sem komu fram í frásögn viðmælenda. Að því loknu var farið yfir gögnin með markvissri kóðun (e. selective coding) sem afmarkaði gögnin enn frekar og auðveldaði mér að sjá hvaða þemu væru meginþemu og hver undirþemu. Við gagnagreiningu beitti ég sífelldum samanburði (e. constant comparative method) sem felur í sér að hvert viðtal var greint áður en næsta var tekið (Hennink, o.fl., 2011). Að lokinni allri afritunarvinnu töldu gögnin 258 blaðsíður.

Þegar eigindleg rannsókn er framkvæmd getur það hent að rannsakandinn gæti ekki hlutleysis þegar hann setur fram niðurstöður sínar. Slíkt getur verið slæmt fyrir rannsóknina þar sem réttmæti hennar liggur í skipulagðri gagnasöfnun og nákvæmni við greiningu gagnanna. Ef rannsakandi hefur reynslu af því sem hann er að rannsaka, fordóma gagnvart því, eða einhliða afstöðu með eða á móti rannsóknarefninu þá er mikilvægt að hann segi frá því til þess að sá sem les rannsóknina viti hvar rannsakandinn stendur. Lesandinn getur þá betur áttað sig á hvaða afstaða hefur mótað rannsóknarniðurstöðurnar og hvaða leið var farin til þess að nálgast rannsóknina (Creswell, 1998). Ég tel mig hafa gætt hlutleysis og greint gögnin af mikilli nákvæmni. Ég bý ekki yfir sameiginlegri reynslu með viðmælendum mínum, tel mig ekki hafa fordóma gagnvart þeim og hafði ekki myndað mér neina skoðun á þeim eða aðstæðum þeirra áður en ég hóf gagnasöfnun. Ég mætti þeim með opnum hug og hafði raunverulegan áhuga á því sem þær höfðu að segja um reynslu sína. Ég tel þess vegna að réttmæti og áreiðanleiki rannsóknarinnar sé tryggt.

2.4 Siðferðileg álitamál

Þegar eigindleg rannsókn er framkvæmd þá er rannsakandinn sjálfur rannsóknartækið. Hann getur því sett sitt mark á rannsóknina en verður að passa sig á að hafa ekki áhrif á gang mála. Rannsakandinn þarf að mæta viðmælanda sínum með opnum hug, vera forvitinn og sína skilning, vera sveigjanlegur og getað hlustað á fólk segja sögu sína (Hennink, o.fl., 2011). Eins og lög gera ráð fyrir tilkynnti ég rannsóknina til Persónuverndar og fékk samþykki allra viðmælanda minna fyrir að nota þær upplýsingar sem þeir létu mér í té í rannsóknina. Ég hét þeim að öllum yrði gefin gervinöfn og passað yrði að ekki væri hægt að rekja persónulegar upplýsingar til þeirra. Einnig að ég myndi eyða öllum gögnum að lokinni afritun og greiningu.

Algennt er að persónulegar ástæður séu fyrir því að rannsakandi velji sér tiltekið rannsóknarefni. Ástæður mínar voru þær að ég met menntun mikils, bæði bóklega og verklega. Menntun opnar svo marga möguleika, með stúdentsprófi er til dæmis greið leið inn í háskólanám hvenær sem er á lífsleiðinni. Þó að áhuginn á háskólanámi sé enginn akkúrat þegar einstaklingur er í framhaldsskóla þá veit maður aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér, áhuginn gæti komið seinna. Með menntun aukast einnig líkurnar á betri og fjölbreyttari störfum og hærri launum. Þegar ég las um að ungar einstæðar mæður sem ekki hafa lokið öðru námi en grunnskólanámi eru í meirihluta þeirra sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda, fór ég að velta fyrir mér afhverju þær hafi ekki farið í framhaldsskóla. Forvitnin rak mig því af stað og eins og áður hefur komið fram þá ákvað ég að einbeita mér að menntunarhlutanum en ekki þjóðfélagslegri stöðu viðmælanda minna. Ég taldi að rannsókn á náms- og starfsferilsþróun kvenna sem eignast barn á meðan þær eru á framhaldsskólaaldri og það að fá hugmyndir þeirra af úrræðum sem framhaldsskólar geta boðið ungum mæðrum í námi upp á myndi gagnast þeim aðilum sem vinna með þeim innan skólakerfisins.

3. Niðurstöður

Markmið rannsóknarinnar var að fá innsýn í upplifun kvennanna, viðmælenda minna, af því að verða ung móðir, hvaða áhrif það hafði á náms- og starfsferil þeirra og hvernig þær myndu vilja sjá framhaldsskólann koma til móts við unga mæður í námi. Í viðtölunum var lögð áhersla á þætti eins og hvar voru þær og hvert stefndu þær áður en barnið kom í heiminn? Breyttust framtíðarplönin við það að verða móðir? Hvernig og hvaðan fengu þær stuðning? Mættu þær skilningi í skólakerfinu eða úti á vinnumarkaðinum? Og hvernig myndu þær vilja sjá að skólakerfið tæki á málefnum kvenna sem eignast barn á meðan á námi stendur.

Hér á eftir fara meginniðurstöður viðtalanna og hef ég skipt þeim niður í fjóra kafla sem eru lýsandi fyrir þau þemu sem upp komu í viðtölunum. Fyrsti kafli *ég er ólétt* fjallar um viðbrögð stúlkanna og þeirra nánustu þegar þungun kom í ljós, hvar þær voru staddar í lífinu á þeim tímapunkti og hvaða stefnu þær höfðu sett sér fyrir framtíðina. Einng er þar fjallað um hvernig fæðingin gekk og þá fordóma sem þær urðu fyrir sökum ungs aldurs. Kafli tvö ber heitið *ömmurnar* en í honum er fjallað um mæður viðmælenda minna, en í ljós kom að þær eiga það sameiginlegt með dætrum sínum að hafa einnig orðið ungar mæður. Kafli þrjú *náms- og starfsferilsþróun og stuðningur* fjallar um náms- og starfsferil kvennanna eftir að barnið kom í heiminn og hvernig og hvort einhverjar hindranir hafi orðið á honum. Þar er líka fjallað um hvernig stuðning þær fengu og frá hverjum. Að lokum er kafli fjögur *hvað getur skólinn gert?* en í honum er sagt frá þeim hugmyndum sem konurnar sjálfar hafa um það hvernig framhaldsskólinn geti komið til móts við þungaðar stúlkur og ungar mæður í námi.

3.1 Ég er ólétt

Viðmælendur mínir luku samræmdu grunnskólaprófi með misjöfnum árangri. Flestar nefna að þær hafi verið ágætir námsmenn og gengið sæmilega í prófunum þó þær hafi ekki allar munað hvernig einkunnir þær fengu. Frigg gekk mjög vel í samræmdu prófunum og útskrifaðist úr grunnskóla með I. einkunn, Urður nefnir að hún hafi fallið í stærðfræði en náð öllu hinu en Gefjun segir hinsvegar að henni hafi gengið mjög illa í prófunum. Allar höfði þær sett stefnuna á framhaldsskóla að loknu skyldunámi og fóru því beint þangað. Aðeins ein hafði skýra stefnu og markmið við lok grunnskólans, hinar höfðu flestar engin sérstök markmið ætluðu að láta það ráðast hvað þær myndu gera „bara klára stúdentinn“.

Konurnar töluðu allar um það að þær hafi fengið áfall þegar þær uppgötvuðu að þær væru barnshafandi, „ég bara guð ég er ólétt, ég er ólétt, ég bara var ekki að trúa þessu, fékk algjört

sjokk sko“. Þungunin var ekki plönuð hjá neinni þeirra og allar notuðu þær getnaðarvarnir. Flestar voru aðeins búnar að vera í sambandi með barnsföður sínum í mjög stuttan tíma fyrir utan Eir og Sigyn sem höfðu verið í föstu sambandi við barnsfeður sína í nokkur ár. Þótt þær hafi langað að eignast barn í framtíðinni þá var það alls ekki í kortunum á þessum tímamarki og áfallið því mikið bæði fyrir þær og nánustu fjölskyldu þeirra en áfallið breyttist þó fljótt í gleði. Barnsfeðurnir eru allir eldri en mæðurnar, frá einu til tíu árum og virðist sem að fjölskyldur þeirra hafi tekið fréttunum betur. Flestar sögðu þær að aldrei hefði komið til greina að fara í fóstureyðingu. Eir segir: „ég var svo rosalega eitthvað tilbúin í þetta ég var eitthvað svo fullorðinsleg og bara var ekkert að djamma og svona í einhverju rugli ég var bara einhvern veginn tilbúin“ og Gefjun segir: „ég hugsaði bara já ok fínt það gæti verið gaman að vera mamma“. Freyja er sú eina sem nefnir að hún hafi verið tvístígandi um hvað hún ætti að gera og sökum ungs aldurs hafi hún þurft að hitta félagsráðgjafa á fæðingardeildinni, hún segir farir sínar ekki sléttar eftir þann fund.

Hún segir að ég hafi tvo kosti, það fyrsta að þú farir í fóstureyðingu og getir átt frábært líf og í öðru lagi ef þú eignast barnið þá getirðu í mesta lagi unnið á kassa í Hagkaup og þú átt aldrei eftir að geta gert neitt.

Freyja ákvað eftir fundinn að hún myndi ekki láta félagsráðgjafann segja sér hvernig líf hennar ætti eftir að verða og varð staðföst í þeirri ákvörðun sinni að eignast barnið.

Heilsa mæðranna á meðgöngu var hjá flestum nokkuð góð fyrir utan morgunógleði sem hrjáði sumar fyrstu mánuðina, Frigg fékk meðgöngueitrun við lok meðgöngu og Gefjun var mjög slæm af bjúg og var með of háan blóðþrýsting. Fæðingarnar gengu misvel og margar þurftu spítalavist í lengri eða skemmri tíma eftir fæðingu. Sigyn var sú eina sem átti góða fæðingu og fékk að fara beint heim að henni lokinni.

Urður og Freyja voru þær einu sem nefndu að þær hefðu fundið fyrir fordómum í sinn garð þegar þær voru óléttar. Urður nefnir að hún hafi heyrt útundan sér að fólk hafi litið á hana sem einhvern aumingja og druslu. Hún nefnir líka að ljósmóðirin í meðgöngueftirlitinu hafi komið illa fram við hana og hafi verið búin að stimpla hana sem einhvern vitleysing. Hún segir að á þessum tímamarki hafi hún verið með lítið sjálfstraust og haft mikla þörf fyrir að ræða við ljósmóðurina um ýmis mál en hún hafi ekki hlustað á hana „heilbrigðisstarfsfólk þarf aðeins að hugsa um þetta, vita fyrst hvernig manneskjan er [áður en þau stimpla hana]“. Freyja segist hafa klætt af sér óléttuna allan tímann til þess að komast hjá háðsglósum og augnagotum fólks. Enn í dag finnst henni fólk líta á sig sem barn, hún segir:

Mér finnst rosalega erfitt að fara á foreldrafund í skólanum því ég er litinn svo miklu hornauga þar, flestar mömmurnar í bekknum hjá mínu barni eru á aldur við mömmu mína... foreldrarnir eru bara „hei þú krakki þú hefur ekkert um þetta að tala“ og hlusta ekkert á mig og liggur við að þau segi við mig „viltu ekki bara fara út að leika þér“ og þess vegna tek ég mömmu oft með mér, ef hún er með þá hlusta þau á mig.

Engar af hinum konunum nefndu að þær hefðu fundið fyrir fordómum í sinn garð. Sumar nefndu að þær hafi verið fullorðinslegar og fólk sennilega haldið að þær væru miklu eldri en þær í raun voru.

3.2 Ömmurnar

Þegar viðmælendur mínir ræddu um ungan aldur sinn þegar þær urðu mæður kom í ljós að mæður fimm þeirra höfðu einnig verið undir tvítugu þegar þær eignuðust sitt fyrsta barn. Móðir Friggjar var 22 ára þegar hennar fyrsta barn fæddist og móðir Sigynar 20 ára. Hinar fimm mæðurnar voru á aldrinum 15-19 ára. Þegar Eir ber sig saman við móður sína finnst henni hún ekki hafa verið neitt svo ung þegar hennar barn fæddist „ég var kannski ekki það ung, 19, ekki eins og mamma mín hún átti mig þegar hún var 15 ára“. Gefjun, Iðunn og Urður nefna allar að mæður þeirra hafi ekki tekið vel í það að þær myndu eignast barn ungar. Gefjun segir „mamma mín var ekki nema 16 ára þegar hún átti mig og fannst ekki ráðlagt að ég myndi eiga barn svona ung og festast inni með barn og missa tengsl við vinkonur og slíkt“. Iðunn nefnir að þegar hún tilkynnti foreldrum sínum um þungunina þá hafi mamma hennar tekið því mjög illa, hún hafi þá ákveðið að vera sem minnst að leita eftir hjálp með barnið frá henni.

En svo fæðist barnið og þá hjálpar mamma mér með hann því ég var svo veik og gat ekki haft hann, það var ekki í boði [á spítalanum] þannig að mamma tók hann, þvert á móti öllu sem ég ætlaði að gera þá varð hún alveg mín stoð og stytta og hún reyndist mér alveg ótrúlega vel og núna er hann náttúrulega prinsinn af öllum.

Móðir Urðar var jafngömul dóttur sinni þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn. Urður nefnir að mamma hennar hafi fríkað út þegar hún tilkynnti henni um komu ömmubarnsins og sagt „ég get ekki verið 36 ára amma“. Þrátt fyrir að sumar mæðurnar hafi verið neikvæðar í fyrstu þegar þeim var sagt frá væntanlegu ömmubarni þá breyttist það fljótt. Mæðurnar reyndust

dætrum sínum mjög vel og urðu þeirra helsti stuðningur eins og nánar er fjallað um í næsta kafla.

3.3 Náms- og starfsferilspróun og stuðningur

Misjafnt er hve lengi konurnar voru heima eftir að barnið þeirra fæddist. Sú sem var styst var heima í 3 mánuði og sú sem var lengst í tæp 2 ár. Þær sem höfðu verið út á vinnumarkaðinum áður en barnið kom í heiminn fóru aftur þangað eftir fæðingarorlof en hinar aftur í skóla.

Konurnar töluðu allar um að þær hafi fengið mikinn stuðning frá fjölskyldum sínum, sérstaklega mæðrum sínum. Þær virðast almennt hafa gert allt sem í þeirra valdi stóð til þess að aðstoða dætur sínar í einu og öllu. Dæmi voru um að þær tækju sér frí frá vinnu eða höguðu vinnu sinni í samræmi við þarfir dætra sinna, ef að mikið lá við þá var mamma mætt til að passa. Þeim var mikið í muna að dæturnar misstu ekki af jafnöldrum sínum eða yrðu á einhvern hátt eftirbátar þeirra, sérstaklega í námi. Viðmælendum mínum var ekki eins tíðrætt um stuðning frá feðrum sínum, en sumir hverjir voru þó engir eftirbátar mæðranna. Ein nefnir til dæmis að faðir hennar hafi nýlega verið hættur að vinna þegar barnið kom í heiminn. Hann hafi því verið með það og passað alla daga á meðan að hún var í skólanum. Misjafnt var hve mikinn stuðning þær fengu frá barnsfeðrum sínum og spilar þar inni að þær voru ekki allar í föstu sambandi með þeim eða hættu fljótlega saman eftir að barnið fæddist. Allar nema ein voru á einhverjum tímavarki einstæðar mæður. Aðeins ein þeirra er einstæð móðir í dag, hinar hafa allar eignast nýja maka. Feðurnir virðast almennt að tveimur undanskildum vera með börnin sín aðra hverja helgi og vera stór partur af lífi þeirra. Barn Urðar býr hjá pabba sínum en kemur til hennar aðra hverja helgi „ég bara gat þetta ekki“ segir Urður um ástæðu þess að barnið fluttist til pabba síns. Hún hafði lent í miklum fæðingartengdum vandamálum og þurft langa sjúkrahúsvist í kjölfarið. Sú reynsla dró úr henni og varð til þess að hún tók þá ákvörðun að best væri fyrir barnið að vera hjá föður sínum. Barnsfaðir Eirar er með barnið „kannski svona einu sinni í mánuði þó hann eigi sínar helgar... um leið og við hættum saman þá var bara eins og hann ætti ekki barn lengur“. Skólarnir komu einnig misjafnlega til móts við þarfir þeirra bæði þegar þær voru þungaðar og eftir að þær hófu nám aftur eftir barnsburð, allt frá því að vera boðnir og búnir til þess að hjálpa í það að neita alfarið að koma til móts við þær á neinn hátt. Tvær nefna að vegna morgunógleði hafi verið erfitt að mæta í skólann, kennararnir hafi sýnt því skilning og slökuðu á fjarvistum á meðan að það gekk yfir. Önnur þeirra nefnir líka að einum kennaranum hafi verið mjög umhugað um velferð hennar og ófædda barnsins þannig að hann hafi veitt henni „almenna leiðsögn um næringu á

meðgöngu“. Ein nefnir að það hafi bara verið einn kennari sem sýndi henni engan skilning „hún ætlaði að senda mig í hlaupapróf þegar ég var komin 38 vikur á leið og ég bara heyrðu ég er ekki að geta það“. Nokkrar nefndu að þær hefðu sótt sér stuðning í mömmuklúbbum sem voru fyrir ungar mæður og aðeins ein setti sig í samband við félagsráðgjafa til að kanna hvort hún ætti rétt á einhverjum utanaðkomandi stuðning til dæmis fjárhagslegum. Margar sögðust ekki hafa gert sér grein fyrir því að þær hefðu einhvern sérstakan rétt, enginn hafði sagt þeim frá því. Ein segir til dæmis: „í gegnum allt námið mitt var ég að vinna í sjoppu allar helgar þegar barnið fór til pabba síns... ég veit ekki hvornig ég hefði átt að gera það með því að vinna ekki í gegnum námið“. Aðrar leituðu ekki eftir neinu slíku því þær höfðu það gott fjárhagslega eða fengu fjárhagslegan stuðning frá foreldrum sínum. „Ég var náttúrulega ein með barnið í skóla í langan tíma og þá í raun aðstoðuðu þau [foreldrarnir] mig mikið og hjálpuðu mér mikið peningalega séð“.

Náms- og starfsferill kvennanna hefur verið mismunandi síðan að þeirra fyrsta barn kom í heiminn. En að sama skapi eiga þær margt sameiginlegt. Að einni undanskilinni hafa þær allar gengið menntaveginum eða eru að mennta sig núna. Sú sem ekki hefur menntað sig er Gefjun. Hún segist ekki getað verið í skóla því hún sé með svo mikinn athyglisbrest. Hún vissi ekki hvað hún vildi gera eftir grunnskólann og því var framhaldsskólaganga hennar ekki löng. Þrátt fyrir að segjast ekki geta lært þá tók Gefjun nokkrar einingar í fjarnámi fyrir ekki svo löngu síðan „ég gerði það til þess að athuga hvort ég gæti eitthvað lært eftir öll þessi ár frá skóla“. Að hennar sögn gekk henni vel í þeim áföngum sem hún tók en hún hélt samt ekki áfram. Gefjun hefur verið úti á vinnumarkaðinum síðan hún hætti í framhaldsskóla og unnið við ýmislegt. „Ég hef verið einstaklega heppin og átt auðvelt með vinnu og allt slíkt þegar barnið mitt var lítið, ég fékk mikla hjálp frá ömmum, systkinum og vinum“. Spurning hvort að það að hún er núna komin í drauma starfið sé að standa í vegi fyrir því að hún haldi áfram að taka einingar í fjarnámi. Kannski sér hún ekki tilganginn með því úr þessu eða hefur ekki áhuga „ég ætlaði alltaf að verða búðarkona mér þótti það svo spennandi þegar ég var barn og ég er það í dag“. Gefjun er yfirmaður í versluninni sem hún vinnur í og unir hag sínum vel.

Frigg kemur úr menntaðri fjölskyldu og segir að það hafi aldrei komið til greina að hætta námi þrátt fyrir að vera orðin móðir. Hún hafði strax í grunnskóla sett sér markmið um nám og fór í framhaldsskóla til að ná því markmiði. Hún er því algjör andstæða Gefjunar. Henni tókst að ná markmiðum sínum þrátt fyrir að hafa eignast barn í miðju náminu. Hún lét það ekki stoppa sig. Frigg var sú eina sem leitaði til félagsráðgjafa og komst að því að hún ætti rétt á skólstyrk þar sem hún var einstæð móðir í framhaldsskóla. Hún var líka sú eina sem leitaði eftir aðstoð náms- og starfsráðgjafa til að fá ráðleggingar með samsetningu námsins.

Að loknu stúdentsprófi fór hún í háskólanám, en ekki þó í námið sem hún hafði séð fyrir sér að fara í áður en að hún varð móðir. „Viðskiptafræðin voru hagnýtari fyrir einstæða móður og gáfu mér meiri möguleika á stabílli innkomu“.

Ástæðan fyrir því að ég tek þessar tvær, Gefjuni og Frigg aðeins útúr og fjalla sérstaklega um þær eru sú að þær eru eins og svart og hvítt hvað námsferilinn varðar. Önnur var með allt sitt á hreinu og stefndi ótraud í átt að settu markmiði en hin vissi ekki hvað hún vildi, annað en að vera úti að skemmta sér. Gefjun tekur það fram að það að verða móðir hafi bjargað henni „ég var ekki stödd á góðum stað í lífinu þegar ég varð ólétt og ég leit á og lít ennþá svo á að barnið mitt hafi bjargað mér, ég hætti öllu rugli þegar ég varð ólétt“.

Hinar fimm eiga það sameiginlegt að hafa lengi verið leitandi að rétta náminu. Þær prófuðu ýmislegt og margar fóru í og kláruðu ýmsar stuttar námsleiðir á meðan þær voru ennþá í þessari leit sinni. Engin nefnir að hafa nokkurn tímann leitað til náms- og starfsráðgjafa til þess að fá aðstoð við að finna nám sem þær vildu fara í. Allar stefndu þær á stúdentspróf en einhverra hluta vegna virtist leiðin að því vera mjög grýtt. Spurning hvort þær hafi tekið þessar stuttu námsleiðir til þess að reyna á einhvern hátt að greiða úr leiðinni og hafa þá eitthvað í bakhöndinni ef þær skildu ekki ná á leiðarenda. Iðunn og Sigyn áttu ekki margar einingar eftir til þess að ná markmiði sínu þegar þær sóttu um í háskóla á undanþágu og báðar komust þær inn. „Ég prófaði að sækja um í háskóla bara útfrá reynslu og komst inn í og fór þangað“. Önnur hefur nú útskrifast úr háskólanámi og leggur stund á framhaldsnám á háskólastigi í dag. Hin er hætt í námi, í bili allavega. Hún á stóra fjölskyldu og hefur sett hana í fyrsta sætið og er því heima „enda nóg að gera með fjögur börn“. Eir og Freyja fundu sinn farveg í iðnnámi, önnur er komin með sveinspróf en hin er að klára nemasamning og tekur sveinspróf að honum loknum. Þrátt fyrir að þær séu búnar með iðnnám þá eru þær ennþá að stefna á stúdentspróf og ætla sér báðar að taka það samhliða meistaranum í iðninni sem þær menntuðu sig í. Freyja segir „eins og staðan er í dag þá verður maður í rauninni að mennta sig“. Eir lítur öðrum augum á þetta og vill meina að fólk endist ekkert mjög lengi í iðngreininni sem hún er að læra „svo það er gott að hafa eitthvað svona [stúdentspróf] í bakhöndinni“. Þær gátu vel hugsað sér að fara í háskólanám og voru báðar byrjaðar að skoða hvað væri í boði. Báðum var þeim mjög tíðrætt um stúdentspróf og nauðsyn þess. Sem fékk mig til að hugsa hvort það gæti verið að þær vildu getað skilgreint sig sem stúdent. Urður var ekki eins leitandi í námi, hún bara vann og hafði engan áhuga á skólagöngu, en allt í einu kom áhuginn. Hún var þó smeyk við að hætta í vinnunni og það tók hana 2 ár að safna kjarki til þess að segja upp og skella sér í nám. Hún leggur nú stund á nám í undirbúningsdeild fyrir háskólabró og stefnir að því loknu á háskólanám.

Allar vildu konurnar fá stúdentspróf og næstum allar eru nú komnar á það að komast í háskólanám. Leiðin að því að taka ákvörðun um hvað þær vildu gera var löng og sennilega spilar þar inni að barnið kom á þeim tíma sem Super kallar könnunarstig. En það er stigið þegar ákvarðanir um framtíðina eru teknar. Barnið virðist því hafa seinkað könnunarstigi þeirra og þær urðu því flestar óhjákvæmilega eftirbátar jafnaldra sinni í námi. Það er að segja þeirra jafnaldra sem kláruðu stúdentspróf á 4 árum eins og ætlast er til þess að gert sé. Sumar sjá eftir því að hafa ekki bara drifið sig áfram í staðinn fyrir að vera í sífellu að byrja og hætta. „Í rauninni hefði ég bara átt að halda áfram því það er alltaf viss grunnur sem maður þarf í allt saman“. Og önnur segir „ég ætlaði mér alltaf aftur í skóla, ætlaði að klára stúdentinn... ég get gefið þeim miklu meira ef ég er eitthvað menntuð frekar en að vera að vinna á skyndibitastað eða eitthvað svoleiðis“.

Konurnar voru allar sammála um að verða móðir ung hefði haft áhrif á náms- og starfsferil þeirra. Það að verða móðir hefði tafið fyrir námi og þær þurft að skipuleggja það betur og haga því eftir efni og aðstæðum. Einnig lokaði það á ýmsa möguleika á störfum sem ekki voru á leikskólavænum tímum. Þær voru einnig sammála að þrátt fyrir ýmsar hindranir þá væri vel hægt að vera móðir í námi ef maður hefði góðan stuðning, fjárhagslegan, andlegan og í formi barnapössunar. Eins væri nauðsynlegt að skipuleggja sig vel, það þýddi ekkert að vera kærulaus. Flestar töluðu þær um nauðsyn þess að mennta sig, þær vildu vera börnunum sínum góð fyrirmynd og að erfitt væri að fá almennilega vinnu nema að vera með einhverja menntun. Hér á eftir fara nokkur dæmi frá viðmælendum mínum. Sigyn segir til dæmis:

Það hefur aldrei verið neitt mál að samræma þetta tvennt [barnauppeldi og nám] ef eitthvað er þá hafa börnin alltaf forgang það er auðvelt val... Ég hef alltaf hagað námi mínu þannig að ég klára hlutina við fyrsta tækifæri er ekki að taka meira en ég tel mig ráða við... Barnsfaðir minn hefur ætíð verið fyrirvinnan á heimilinu og ég hef getað hagað öllu námi eftir aðstæðum og mínu eigin höfði.

Eir segir: „Ég var náttúrulega á skyndibitastað og það var erfiðara þú veist vaktirnar, nú þurfti maður bara að vinna 8-16 leikskólatímamann“. Eir talar einnig um að hún sé ósammála því þegar fólk heldur því fram að það sé mjög slæmt fyrir skólagönguna að eignast barn, það eigi allavega ekki við í hennar tilfalli „ég fór að nýta tækifærin, nýta tímann, þegar maður er kominn með barn þá drífur það mann áfram finnst mér frekar en að draga eitthvað úr því sem maður vill gera“. Hún talar um nauðsyn þess að fá góða aðstoð „það er miklu auðveldara fyrir mann að sækja bara stuðning og þetta er ekkert mál að eiga barn eða það fer náttúrulega kannski eftir börnum, allavega ef maður á auðvelt og meðfærilegt barn“.

Samkvæmt Iðunni var mikil pressa sett á hana að mennta sig sem virkaði sem hindrun á hennar námsferil. „Mamma var alltaf að deyja úr þirringi að ég var ekki að klára námið, hékk í mér, „ætlar þú ekki að skrá þig í eitthvað nám“? ég hefði ekki flosnað eins mikið upp í smá tíma ef maður hefði ekki fengið svona mikla pressu, þetta var alveg sjúkleg pressa“. Svipuð pressa virðist einnig hafa verið hjá Freyju. Foreldrar hennar tóku ekki annað í mál en að hún myndi halda áfram námi þó hún væri orðin móðir. Erfiðlega gekk fyrir hana að finna út hvað hún vildi gera og fóru því nokkur ár í að prufa ýmsar námsbrautir og störf. Spurning hvort að betur hefði gengið hjá henni ef að hún hefði farið út í nám á sínum eigin forsendum en ekki af því foreldrarir sögðu að hún yrði að gera það.

Frigg segir: „Það hefur ekki aftrað mér í námi að vera móðir, ég hef verið neydd til að skipuleggja mig mun betur en ef ég hefði ekki fengið barn en með góðri tímastjórnun getur einstætt foreldri fundið lotur í deginum þar sem er næði til að læra“.

3.4 Hvað getur skólinn gert?

Þegar ég spurði viðmælendur mína hvað þær teldu að skólinn gæti gert til þess að koma til móts við þungaðar stúlkur og mæður í námi þá stóð ekki á svörum „nota tæknina“. Þær voru allar sammála um að skólar ættu að koma til móts við ungar mæður og „þrýsta á þær að stunda nám sitt af kostgæfni og kappi eftir meðgöngu en ef eitthvað bjátar á bjóða þeim frekar úrlausnir en að þær lendi á veggjum“. Erfitt væri fyrir ungar mæður að stunda fullt nám ef engin úrræði væru í boði „ef þú ert í vinnu hefur þú rétt á að vera heima hjá veiku barni en í skólanum þá fellur maður bara á mætingu ef maður er heima“. Margar höfðu slæma reynslu af úrræðaleyzi úr framhaldsskólunum sem þær höfðu verið í og vildu fyrir alla muni reyna að koma í veg fyrir að slíkt henti aðrar ungar mæður. Ein segir til dæmis „Ég bað um að fá sent heim í tölvupósti [verkefni] svo ég myndi ekki missa úr en hann [skólastjórinn] bara nei við bjóðum ekki upp á það“.

Þær hugmyndir sem komu fram voru að hafa frjálsa mætingu „ef lítil börn eru veik þá þurfa þau mömmu sína og þá er gott að eiga í þannig samskiptum við skólann að mæting sé ekki það sem öllu skiptir heldur skilningur og vinna nemandans“. Sjá til þess að öll verkefni og glærur séu sett inn á netið. Taka upp kennslustundir og setja inn á netið, hvort sem það er hljóð og mynd eða bara hljóð. Leyfa að verkefnum sé skilað inn rafrænt og opna fyrir fjarnám. Vera í tölvupóstsamskiptum og láta sig hag nemandans varða, senda upplýsingar og spyrja hvernig gangi með námið, svo nemandinn finni að kennaranum sé ekki sama um hann. „Það er mjög auðvelt þegar maður er ungur að hætta bara að mæta ef maður er komin með

smá kvíða yfir að hitta einhverja víska kennara en þá ættu námsráðgjafarnir að koma soldið sterkir inn og bakka mann upp“. Fram kom að mikilvægt væri að skólar væru með samræmda stefnu í þessum málum og niður neglt plan um hvað væri í boði, slæmt væri ef einn skóli leyfði eitt og annar ekki. Einnig kom fram að námsráðgjafar væru í góðri stöðu til þess að aðstoða og nauðsynlegt væri að eiga sér góðan og traustan bakhjarl í skólanum.

4. Umræður

Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í upplifun og reynslu kvenna af því að eignast barn þegar þær voru á aldrinum 16-19 ára og hvaða afleiðingar það hafði á náms- og starfsferil þeirra. Einnig var skoðað hvernig þær myndu vilja sjá að framhaldsskólinn kæmi til móts við þungaðar stúlkur og ungar mæður í námi.

Helstu niðurstöður sýna að við grunnskólalok stefndu allir viðmælendur mínir í framhaldsskóla, ekki höfðu samt allar gert upp hug sinn hvað þær vildu gera þegar þangað var komið eða í framtíðinni. Það að eignast barn varð til þess að þær þurftu að hugsa framtíðina upp á nýtt. Niðurstöður sýna að samband næstum allra ungu mæðranna við barnsfeður sína hefur ekki haldist og misjafnt er hve mikinn þátt þeir taka í lífi barna sinna. Viðmælendurnir áttu það sameiginlegt með mæðrum sínum að hafa orðið ungar mæður. Töf varð á náms- og starfsferli þeirra því erfitt reyndist fyrir margar að halda áfram námi eins og ekkert hefði í skorist eða finna nám sem þeim fannst henta sér. Einnig var erfitt að finna störf sem hentuðu ungum mæðrum því nú gátu þær aðeins unnið ákveðin vinnutíma. Einnig kom fram að viðmælendur litu á menntun sem nauðsyn, án menntunar væri maður ekkert í samfélaginu og erfitt væri að fá góð störf án hennar. Til þess að geta menntað sig væri góður stuðningur nauðsynlegur, bæði frá skólanum og fjölskyldunni sem og fjárhagslegur stuðningur. Viðmælendurnir voru allar á því máli að með góðum stuðningi og skipulagi þá gætu ungar mæður haldið áfram í námi. Það væri nauðsynlegt því menntun gæfi þeim kost á að gefa börnunum sínum svo miklu meira en ef þær væru ómenntaðar.

4.1 Barneignir á mikilvægum tíma í náms- og starfsferilsþróun

Samkvæmt Donald Super þá hefst starfsferilsþróun einstaklinga strax í barnæsku og er í sífelldri þróun út allt lífið. Mikilvægur tími í þróun starfsferilsins er könnunarstigið svokallaða sem á sér stað þegar einstaklingur er á aldrinum 15-25 ára (Super, 1990). Viðmælendur mínir voru allar á könnunarstiginu þegar þær eignuðust sitt fyrsta barn. Þegar einstaklingur er á því stigi er hann að undirbúa og taka ákvarðanir sem snerta framtíðina. Þetta er því mjög mikilvægt stig. Barneignir á þessu stigi geta haft mikil áhrif á framtíðarplön ungra mæðra því þær ákvarðanir sem teknar eru hafa áhrif á þróun náms- og starfsferilsins það sem eftir er.

„*Þetta er hægt með góðu skipulagi*“

Að eignast barn ung virðist hafa haft mis mikil áhrif á náms- og starfsferil viðmælenda minna. Í heildina litið virðist koma barnsins hafa hægt á námsferlinu og gert það að verkum að starfsferillinn byrjaði seinna en hann hefði annars mögulega getað gert. Könnunarstigið var því tekið seinna en áætlað er samkvæmt Super. Allar voru þær sammála um að verða móðir ung hefði breytt þeim. Þær hafi þurft að skipuleggja sig betur og haga sínu lífi alfarið út frá þörfum barnsins, þær hafi til dæmis ekki getað tekið hvaða vinnu sem er, vinnutíminn varð að vera í samræmi við leikskólaplássið. Togstreita virðist því hafa myndast hjá þeim á milli starfsferils og fjölskyldu, en það er ein sú allra algengasta hindrunin sem verður á starfsferli kvenna (Betz og Fitzgerald, 1987). Samkvæmt Betz (2005) þá velja konur sér oft starf sem er fjölskylduvænna en það starf sem þær vildu helst vera í. Gott dæmi um það er Frigg sem í upphafi ætlaði sér í annað háskólanám en breytti valinu því það hentaði henni betur sem einstæðri móður. Samkvæmt Krumboltz virðist hún hafa verið opin fyrir nýjum tækifærum þar sem tilviljun réð því að hún varð að skipta um nám (Mitchell, o.fl, 1999). Hér er þá átt við að barnið hafi verið tilviljunin, barneignir voru allavega ekki inn í planinu hjá henni á þeim tíma sem það kom. Að einni undanskilinni hafa þær nú allar menntað sig eða eru að mennta sig. Flestar þurftu nokkuð langan tíma að finna út hvaða nám það væri sem þær vildu fara í en virðast hafa fundið það að lokum. Sú sem ekki hefur menntað sig er í draumavinnunni sinni og er ánægð þar. Að einni undanskilinni hafa þær allar valið sér menntun og starfsvettvang sem talist getur til hefðbundinna kvennastarfa.

Ein er í dag gift, á fjögur börn og er heimavinnandi húsmóðir eftir að hafa hætt í háskólanámi. Þar á bæ virðast sem þau gömlu gildi að eiginmaðurinn eigi að vinna úti á meðan eiginkonan er heima á sjá um börn og heimili ennþá lifa góðu lífi, að einhverju marki allavega. Hún nefnir sjálf að eiginmaðurinn hafi alltaf verið fyrirvinna heimilisins og að hún hafi aldrei þurft að vinna mikið. Hún setur þarfir barna sinna og heimilis í fyrsta sæti og hefur hagað öllu sínu námi í samræmi við það. Í sjálfum sér þarf slíkt ekki að vera slæmt, en ef að hún er að fórna sínum draumum til þess að gera eitthvað sem hún telur að hún eigi að gera sem eiginkona og móðir þá er þetta orðin mikil hindrun á náms- og starfsferli hennar. Samkvæmt Betz og Fitzgerald (1987) er þess háttar hindrun ein sú algengasta sem verður á þróun starfsferils kvenna.

Tvær af viðmælendum mínum hættu í framhaldsskóla fljótlega eftir að þær byrjuðu. Önnur þeirra hefur ekki snúið aftur í nám en hin er ný byrjuð aftur eftir rúmlega 7 ára hlé. Þær sáu engan tilgang með náminu og vissu ekkert hvað þær vildu gera, þær voru því strax í byrjun í mjög mikilli brotthvarfshættu (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Ætla má að það hefði verið mjög gott fyrir þær að hitta náms- og starfsráðgjafa sem ef til vill hefði getað aðstoðað þær við að finna út og taka ákvörðun um hvert þær vildu stefna. Þessar tvær eru þær sem sögðust hafa gengið hvað verst í samræmdu prófunum og voru því í sárri þörf fyrir aðstoð. Ætla má að þær hafi verið hluti af vangreindum hóp stúlkna innan skólakerfisins, en í honum eru stelpur með sérþarfir sem ekki fá þá aðstoð sem þær þurfa (Berglind Rós Magnúsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2005). Sú sem ekki hefur farið aftur í skóla ber því við að hún geti ekki verið í skóla af því hún sé með athyglisbrest, það þýði ekkert fyrir hana að ætla að læra eitthvað. Það að vera búin að ákveða að hún geti ekki farið í skóla er hugarfarsleg hindrun. Viðmælandinn virðist hafa litla trú á eigin getu en það er mjög algengt að konur geri lítið úr hæfileikum sínum (Fassinger, 2005). Nú veit ég ekki hvort þessi viðmælandi hafi litla trú á eigin getu eða ekki, margt annað getur spilað inn í þá ákvörðun hennar að hafa ekki farið í nám. Hún gæti til dæmis bara ekki haft neinn áhuga á því að mennta sig. Hún nefnir að hún sé í dag í draumastarfinu sínu og er ánægð með það.

Fjórar af viðmælendum mínum eiga það sameiginlegt að hafa stefnt á stúdentspróf og prófað fleiri en einn framhaldsskóla. Þrjár þeirra útskrifuðust úr styttri námsleiðum samhliða námi sínu í framhaldsskólanum og áður en þær fundu út hvert þær vildu stefna. Tvær þeirra hófu nám á háskólastigi á undanþágu og eru því ekki með stúdentspróf en önnur þeirra er búin með grunnám á háskólastigi og er núna í framhaldsnámi en hin hefur ekki klárað sitt nám og ekki er útlit fyrir að hún muni gera það í brád. Tvær fóru í iðnnám og hefur önnur þeirra klárað það með sveinsprófi en hin er núna á samning sem hún verður að taka áður en hún getur tekið sveinsprófið. Báðar stefna þær að því að taka stúdentspróf samhliða meistaraþrófi í framtíðinni.

Flestar voru konurnar sammála um það að ekki væri ráðlagt fyrir ungar konur að eignast barn ungar, þó að þær hafi ekki beint viljað mæla gegn því. Sennilega hefur þeim fundist erfitt að ræða um þessa hluti og hugsa sér hvernig líf þeirra væri án barnsins. Ein talaði um að margt í samfélaginu hefði breyst frá því að hún eignaðist sitt fyrsta barn, núna væri ekki eins algengt að ungar konur væru þungaðar og allt væri miklu erfiðara fyrir þær sem eignuðust ungar börn. Dagamma kostaði til dæmis mjög mikið og lang flestir foreldrar væru úti á vinnumarkaðinum og því erfitt að fá stuðning í formi barnaþössonar á daginn frá þeim. Flestar sögðu að það myndi koma þeim mjög mikið á óvart ef barnið þeirra myndi tilkynna þeim um þungun þegar það væri á sama aldri og þær voru. Nokkrar nefndu að þær vildu að barnið myndi mennta sig og jafnvel ferðast um heiminn áður en það færi að stofna sína eigin fjölskyldu. Spurning hvort að þarna glitti í smá eftirsjá hjá þessum mæðrum sem þær hafi samt verið tregar til að viðurkenna.

„Ég var bara svona aðallega efins með barnsfæðir minn hvort ég vildi vera að eignast barn með honum“

Rannsóknir hafa sýnt að barnsfæður ungra mæðra eru að meðaltali tveimur árum eldri en mæðurnar og oft fá þeir á sig neikvæðan stimpil, stimpil sem á ekki alltaf rétt á sér því flestir vilja fá að taka þátt í uppeldi barna sinna (Hollman, o.fl., 2008; Weber, 2012). Barnsfæðurnir í þessari rannsókn voru frá einu til tíu árum eldri en mæðurnar og misjafnt var hve mikið þeir studdu þær. Flestir eru helgarpabbar og hugsa vel um börnin sín, aðeins einn virðist ekki vera í miklum samskiptum við sitt barn og einn er alfarið með sitt barn en það fer aðra hverja helgi til mömmu sinnar. Einn er giftur barnsmóður sinni og tekur fullan þátt í öllu með henni. Hin þörin eru öll hætt saman, tvö þeirra áður en barnið kom í heiminn.

Sjaldgæft er að unglingar plani að verða barnshafandi, oftast líta þeir á að það hafi bara gerst (Haley og Sherwood-Hawes, 2006) og slík virðist vera raunin hér. Engin af viðmælendum mínum hafði planað að eignast barn og það að uppgötva þungun var mikið áfall fyrir þær. Allar notuðu þær getnaðarvarnir og héldu því að útilokað væri að verða ólétt, nokkrar viðurkenndu þó að þær hafi verið kærulausar og hafi stundum gleymt að taka pilluna á réttum tíma. Sennilega hefur það átt sinn þátt í að hún virkaði ekki sem skildi. Flestar áttu stutt samband að baki við barnsföður sinn og höfðu ekki rætt um barneignir við þá. Tvær áttu lengra samband að baki, 4 og 2 ár. Flestar segja þær að aldrei hafi komið til greina að fara í fóstureyðingu. Aðeins ein nefnir að hún hafi ekki verið viss í fyrstu hvað hún ætti að gera. En spurning er hvort að fleiri hafi verið í sömu sporum en ekki þorað öðru en að neita því að hafa hugsað út í að láta eyða fósturinu vegna þess að það að viðurkenna efa í sambandi við móðurhlutverkið getur orðið til þess að konur fái á sig stimpil sem slæm móðir (Marta Joy Hermannsdóttir, 2011). Fjölskyldur stúlknanna tóku fréttum af þungun misvel og brá mikið í fyrstu en stóðu svo þétt við bak dætra sinna og studdu þær eftir bestu getu. Fjölskyldur feðranna tóku betur í fréttirnar, margar voru jafnvel farnar að bíða eftir barnabörnum. Spilar þar inn í að þeir voru allir eldri en mæðurnar og jafnvel verið komnir á „týpískan“ barneignaraldur.

„Ohhh er þetta ekki bara einhver drusla“

Tvær af viðmælendum mínum tala um fordóma sem þær fundu fyrir þegar þær voru þungaðar. Þær hafi heyrt talað illa um sig og fólk hafi horft á þær og hneykslast á þeim. Báðar nefna að þær hafi fundið fyrir fordómum frá heilbrigðisstarfsfólki, komið hafi verið fram við þær eins og þær væru vitleysingar og þeim sárnaði að fólk sem átti að hjálpa þeim var ekki að hlusta á það sem þær höfðu að segja. Önnur þeirra nefnir að hún hafi reynt eftir fremsta

megni að klæða af sér óléttuna því hún vildi ekki að fólk væri að horfa á sig og hvíslast á um hana.

„Amma gamla“

Mjög algengt er að ungar mæður eigi sjálfar mæður sem einnig urðu ungar mæður (Rendall, 2003). Allar konurnar sem ég ræddi við áttu móður sem hafði líka verið ung þegar fyrsta barnið hennar kom í heiminn. Bandura talar um að fyrirmyndir sé ein tegund af aðstoð sem hjálpað geti einstakling að fá aukna trú á sjálfum sér, sérstaklega ef fyrirmyndin er jákvæð og einstaklingurinn sér að hún er að gera góða hluti eftir að hafa gengið í gegnum reynslu sem er sameiginleg honum sjálfum (Bandura 1977; Bandura, 1993). Mæður eru oft helstu fyrirmyndir dætra sinna og ætla má að það að verða þunguð ung eins og mamma hafi kannski ekki verið neitt voðalega hræðilegt, því ef mamma gat þetta þá get ég það líka.

„Það munar miklu að geta fengið smá pústrúm á milli, þó það sé ekki nema nokkra klukkutíma, maður er betri foreldri fyrir vikið“

Viðmælendur mínir voru á einu máli um það að góður stuðningur væri nauðsynlegur. Stuðningur frá fjölskyldu, barnsföður, skólanum og ýmis utanaðkomandi stuðningur eins og mömmuklúbbar og fjárhagslegur stuðningur. Þær vildu meina að með stuðningi væri allt hægt og vel hægt að vera í skóla og ala upp barn. Nauðsynlegt væri samt líka að fá smá tíma fyrir sjálfan sig. Þá væri gott að hafa ömmu og afa til að passa. Þetta er alveg í samræmi við það sem fram kemur í grein Önnudísar G. Rúdólfsdóttur (2000) þar sem hún talar um að nauðsynlegt sé að konur gleymi ekki að þær eru meira en bara mæður og verði að leggja rækt við sjálfar sig líka. Fram kom í viðtölunum að flestar höfðu þær ekki hugmynd um að þeim stæði til boða ýmis utanaðkomandi stuðningur til dæmis í formi námsstyrks. Enginn virðist hafa sagt þeim frá því og þær ekki leitað eftir neinu, sennilega alveg vissar um að það væri ekki til neins. Ein nefndi að hún hefði komist að því fyrir stuttu að einn ákveðinn ungbarnaleikskóli á höfuðborgarsvæðinu sem tæki inn börn frá 9 mánaða aldri tæki inn 6 mánaða börn einstæðra mæðra. Hún sagði að það væri hvergi auglýst heldur bærust upplýsingarnar bara á milli kvenna. Margar töluðu um að þær vildu óska að þeim hefði verið sagt frá réttindum sínum, það hefði getað dregið úr óþarfa áhyggjum og gert lífið aðeins léttara.

Mögulega eru viðmælendur mínir óvenjulegur hópur þar sem þær virðast allar koma frá mjög stuðningsríkum fjölskyldum. Slíkt á sennilega ekki við um allar ungar mæður. Ætla má að niðurstöður þessarar rannsóknar hefðu verið á annan veg ef einhverjar hefðu ekki búið við

góðan stuðning frá sínum nánustu. Þetta er því viss galli á rannsókninni. Tilviljun réð því að viðmælendur mínir ættu þetta sameiginlegt, því eins og áður kom fram þá voru þær valdar með snjóboltaúrtaki, ég þekkti enga þeirra persónulega og vissi ekkert um þeirra hagi áður en viðtalið fór fram.

4.2 Ungar mæður og framhaldsskólinn

Eins og fram hefur komið þá búum við í þjóðfélagi þar sem menntun er nauðsynleg. Fólk sem ekki hefur klárað framhaldsskólann er verr statt nú en áður fyrr og hefur minni möguleika úti á vinnumarkaðinum. Ómenntaðir eru í meiri hættu á því að verða atvinnulausir og þeir eru líklegri til þess að vinna láglounastörf, en það eru einmitt störfin sem krefjast engrar menntunnar (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Ýmsar ástæður eru fyrir því að fólk klárar ekki framhaldsskólann, hjá konum er ein ástæðan barneignir. Í dag eru barneignir stúlkna á framhaldsskólaaldri áhyggjuefni vegna þess að þær geta komið í veg fyrir að þær nái að ljúka námi, sem eins og áður sagði er nauðsynlegt til þess að eiga meiri möguleika út á vinnumarkaðinum í framtíðinni. Ungar einstæðar mæður sem ekki hafa klárað framhaldsskólamenntun, eru í miklum áhættuhóp fyrir að lenda í slakri félagslegri stöðu og fjárhagsvandræðum (Svandís Nína Jónsdóttir, o.fl., 2003).

Þar spilar ekki bara menntunarleysið inn í heldur líka kynið. Konur fá almennt lægri laun heldur en karlar og konur á barneignaraldri eða með lítil börn á framfæri eiga erfitt með að fá vinnu vegna þess að vinnuveitendur líta á þær sem óáreiðanlega starfskrafta. Þeir gera ráð fyrir að annað hvort muni þær fljótlega eftir ráðningu hætta til að eignast barn, eða ef þær eiga börn að þær muni þurfa að vera mikið heima við útaf þeim (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2012; McCauley, 1993; Masselot, 2013). Allir viðmælendur mínir í þessari rannsókn mátu menntun mikils og voru allar nema ein að mennta sig eða búnað að því þegar viðtölin fóru fram. Það kom skýrt fram að þær gerðu sér grein fyrir því að ómenntaðar myndu þær ekki eiga mikla möguleika úti á vinnumarkaðinum. Þær vissu að nú hefðu þær fyrir öðrum að sjá heldur en sjálfum sér og vildu byggja upp góða framtíð fyrir barnið sitt. Framtíðin yrði bjartari ef þær væru menntaðar því möguleikarnir á góðum störfum eða áframhaldandi framhaldsmenntun yrðu þá meiri.

Aðeins ein af viðmælendum mínum hafði sett sér framtíðarmarkmið við lok grunnskólans og fór í framhaldsskóla með það fyrir augum. Hún var búin að ákveða hvað hún vildi gera í framtíðinni og valdi sér braut í skólanum út frá því. Það að eignast barn stoppaði hana ekki, hún hélt ótrauð áfram og tók tvö fög í skólanum í fjarnámi á meðan hún var heima í

fæðingarorlofi. Fór svo eins og ekkert hefði í skorist aftur í skólann eftir fæðingarorlof og kláraði stúdentinn eins og hún hafi ætlað sér. Þessi viðmælandi hafði mikinn stuðning í kringum sig, leitaði eftir utanaðkomandi fjárhagsaðstoð og þar sem hún var góður námsmaður kom framhaldsskólinn til móts við hana með öllum tiltækum ráðum. En þarna komum við að því sem skilur hana frá hinum viðmælendum mínu. Þær voru ekki búnar að marka sér skýra framtíðarstefnu og vissu í rauninni ekki hvað það var sem þær vildu læra, ætluðu bara í framhaldsskóla og fá stúdentspróf eins og allir hinir. Næstum allir nemendur fara beint úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla (Hagstofa Íslands, 2013c). Þær sem engan áhuga höfðu á námi voru fljótar að hætta í skólanum og fara að vinna en hinar reyndu að finna sinn farveg með misjöfnum árangri og spilar þar inn í að lítið sem ekkert var gert fyrir þær innan veggja skólans. Rannsóknir hafa sýnt að þegar skólar koma til móts við ungar mæður í námi með ýmiskonar úrræðum og stuðningskerfi þá eru meiri líkur á því að móðirin unga nái að halda námi sínu áfram (Sadler, o.fl., 2007). Margar af viðmælendum mínum hefðu haft mjög gott af því að hitta náms- og starfsráðgjafa því þær voru stefnulausar og leitandi. Sífellt að byrja og hætta á nýrri og nýrri námsbraut eða skipta um skóla. Ef þær hefðu fengið náms- og starfsfræðslu strax í grunnskóla hefðu þær ef til vill átt auðveldara með að taka ákvarðanir um nám að honum loknum. Íslenskar rannsóknir á mati á árangri af náms- og starfsfræðslu hafa sýnt að svo sé (Menntamálaráðuneytið, 2007).

Allar höfðu viðmælendur mínir skoðun á því hvernig þær sæju fyrir sér að framhaldsskólinn kæmi til móts við stúlkur sem yrðu þungaðar og eignuðust barn á meðan á námi stæði. Öllum fannst nauðsynlegt að allt kapp yrði lagt í að aðstoða þær með öllum tiltækum ráðum svo þær myndu síður hverfa frá námi. Þeirra hugmyndir eru á svipuðum nótum og hugmyndir af úrræðum sem koma fram í Utanskólarannsókninni (2003). Í þeirri rannsókn eru fjarnám og það að skólar slaki á mætingarskyldu taldir upp sem úrræði sem hægt væri að grípa til (Svandís Nína Jónsdóttir o.fl., 2003). Viðmælendur mínir nefndu allar að afnema yrði mætingarskyldu hjá ungum mæðrum, það væri ekki hægt að ætlast til þess að þær gætu alltaf mætt í skólann því ýmislegt gæti komið upp á eins og veikindi barns. Fjarnám var líka nefnt, að skólar ættu að opna fyrir það í auknu mæli. Annað sem þær nefndu var að kennarar setji öll verkefni og glærur inn á netið, að þeir taki upp kennslustundir, hljóð og mynd eða bara hljóð, að þeir séu í tölvupóstsamskiptum við nemendur og leyfi þeim að skila verkefnum inn rafrænt. Viðmælendur mínir voru í engum vafa um að þessi úrræði myndu koma sér vel fyrir ungar mæður í námi og eiga sinn þátt í því að draga úr brotthvarfi þeirra.

Mislangt var síðan viðmælendur mínir voru sjálfir við nám í framhaldsskóla og mismunandi hve lengi þær voru þar. Ýmislegt hefur væntanlega breyst í framhaldsskólunum

en ekki svo mikið að þær gætu ekki komið með góð ráð um hvernig hann getur komið til móts við ungar mæður sem þar stunda nám. Konurnar hafa allar haft tíma til að hugsa til baka og margar höfðu greinilega velt því fyrir sér hvað þær hefðu átt að gera öðruvísi eða hvernig stuðning þær skorti til þess að betur hefði gengið að festa hugann við nám. Þess vegna tel ég að þau svör sem þær gáfu við þessari rannsóknarspurningu, hvernig finnst þér að framhaldsskólinn eigi að koma til móts við ungar mæður í námi? hafi verið vel ígrunduð. Þær höfðu allar velt þessu fyrir sér á einhverjum tímamarki og töldu að í þessu fælist lausn sem gæti hafa hentað þeim og gæti því einnig hentað öðrum ungum mæðrum.

5. Lokaorð

Þegar niðurstöður þessarar rannsóknar eru dregnar saman þá má segja að þær gefi það sterklega til kynna að stuðningur sé númer eitt, tvö og þrjú fyrir ungar mæður til þess að þær geti haldið áfram námi í framhaldsskóla eftir að þær eignast barnið sitt. Stuðningurinn er margþættur og þarf að koma frá nánustu fjölskyldu kvennanna, barnsföður þeirra og í sumum tilfellum frá ríki eða sveitarfélagi í formi styrkja og annarra fjárhagslegra réttinda. Skólinn þarf líka að sýna þeim mikinn stuðning í formi sérstakra úrræða sem þær geta gengið inn í og auðveldað þeim að sameina móðurhlutverkið við nemahlutverkið. Mikil þörf virðist vera á því að ungum mæðrum séu kynnt réttindi sín og erfitt getur reynst að leita eftir upplýsingum um hvað stendur til boða. Ég leitaði sjálf eftir upplýsingum og fann mjög lítið, ungar mæður eru hvergi nefndar sem sérstakur hópur og ætla má að þær þurfi að hafa sérstaklega samband við sitt sveitarfélag og fá einstaklingsmiðaða lausn, þær falla því undir sérstakt úrræði. Sé raunin sú þá er hugsanlegt að sú hætta sé fyrir hendi að ungar mæður fái mismunandi fjárhagslega styrki og stuðning eftir því í hvaða sveitarfélagi þær búa eða við hvern þær tala.

Allar mátu viðmælendur mínir menntun mikils og allar nema ein voru að mennta sig eða voru búnar að því þegar viðtölin fóru fram. Það að eignast barn virðist hafa eflt þær til menntunar en ekki dregið úr þeim, jafnvel þó að á tímabili hafi gengið erfiðlega fyrir sumar að finna út hvaða nám yrði fyrir valinu. Þær gáfust ekki upp, þær ætluðu að mennta sig. Þeim fannst að það kæmi ekkert annað til greina, til þess að fá góð störf og getað átt gott líf með barninu sínu þá yrðu þær að vera menntaðar. Fjórar af sjö viðmælendum mínum voru orðnar einstæðar þegar barnið var eins árs gamalt, tvær urðu einstæðar þegar barnið var átta ára og aðeins ein er ennþá í sambandi með barnsföður sínum. Ætla má að samband ungra mæðra við barnsfeður sína verði ekki langlíf, flestar urðu þungaðar eftir stutt samband og það að eignast barn getur verið mikill streituvaldur á sambönd. Aðeins ein er núna einstæð móðir, hinar hafa allar eignast nýja maka. Engin af viðmælendum mínum fellur eða hefur fallið undir þá skilgreiningu að vera ómenntuð einstæð móðir sem þarf fjárhagsstuðning frá borginni eins og fréttin sem vakti fyrst athygli mína á málefninu fjallaði um. Þótt þær hafi næstum allar á einhverjum tímapunkti verið einstæðar þá höfðu þær gott bakland og mikinn stuðning frá sínum nánustu. Forvitnilegt væri að gera rannsókn á þeim einstæðu ungu mæðrum sem þiggja fjárhagsaðstoð frá borginni til að sjá hver ástæða þess er að þær hafa ekki menntað sig, gæti verið að þær hafi skort stuðninginn?

Að mörgu leiti eru ýmsar niðurstöður þessarar rannsóknar svipaðar og niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á ungum mæðrum. Allar áttu þær mæður sem einnig höfðu

ungar eignast sitt fyrsta barn, barnsfeðurnir voru allir eldri en stúlkurnar og góður stuðningur virðist hafa skipt sköpum fyrir framtíð þeirra og menntunarmöguleika. Þá virðist sem barneignir hafi hjá flestum haft þau áhrif að það hægði á náms- og starfsferlinum. Þær voru lengi að ákveða hvað það var sem þær vildu gera, voru stefnulausar, en þær vildu samt læra eitthvað. Könnunarstigið var því tekið eftir að barnið kom í heiminn og hefur eflaust haft áhrif á hvað þær völdu sér að læra. Óhjákvæmilega urðu þær því eftirbátar jafnaldra sinni í námi. Það er að segja ef miðað er við þá sem kláruðu stúdentspróf á 4 árum eins og ætlast er til þess að gert sé.

Raddir viðmælenda minni fá að hljóma í niðurstöðum þessarar rannsóknar þar sem hún var unnin eftir viðtöl við þær. Þær gefa því góða innsýn inn í aðstæður þeirra og hvernig þeim hefur farnast í lífinu eftir að fyrsta barnið kom í heiminn. Niðurstöður rannsóknarinnar munu vonandi getað nýst þeim sem vinna með þessum hópi innan skólakerfisins. Það að hafa beðið þær um að segja hvernig þær myndu vilja sjá að skólinn komi til móts við ungar mæður í námi tel ég að sé mjög gott að hafa til viðmiðunar þegar búa á til úrræði fyrir ungar mæður í framhaldsskóla. Þær hafa reynsluna og geta því vel miðlað af henni til þess að það nýtist öðrum stúlkum í framtíðinni.

Heimildir

- Annadís G. Rúdólfsdóttir. (2000). Lengi man móðir: Um mæður í íslenskum ljósmyndum. Í Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir (ritstjóri), *Móðirin í íslenskum ljósmyndum* (bls. 26-45). Reykjavík: Ljósmyndasafn Reykjavíkur.
- American Association of University Women. (1992). *How schools shortchange girls*. (The AAUW report). New York: Marlowe & Company.
- Ásdís A. Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður H. Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir (2012). *Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Bandura, A. (1977). *Social Learning Theory*. London: Prentice-Hall, Inc.
- Bandura, A. (1993). Perceived Self-Efficacy in Cognitive Development and Functioning. *Educational Psychologist*, 28, 117-148.
- Bender, S. S., Geirsson, R. T., og Kosunen, E. (2003). Trends in teenage fertility, abortion, and pregnancy rates in Iceland compared with other Nordic countries, 1976-99. *Acta Obstetricia et Gynecologica Scandinavica*, 82(1), 38-47.
- Barbulescu, R. og Bidwell, M. (2012, 15. júní). *Do women choose different jobs from men? Mechanisms of application segregation in the market for managerial workers*. Sótt 4. maí 2013 af http://knowledge.wharton.upenn.edu/papers/download/08012012_orsc.pdf
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2003). *Orðræður um kyngervi, völd og virðingu í unglingsáttunda*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2005). Er grunnskólinn kvenlæg stofnun? Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar), *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 149-170). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Betz, N. E. (1994). Basic issues and concepts in career counseling for women. Í W. B. Walsh og S. H. Osipow (ritstjórar), *Career Counseling for Women* (bls. 1-42). Hillsdale, NJ: Lawrence Erlbaum Associates, Inc., Publishers.
- Betz, N. E. (2005). Womens's career development. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ritstjórar), *Career Development and Counseling: Putting Theory and Research to work* (bls. 253-275). New Jersey: John Wiley & Sons, Inc.
- Betz, N. E. og Fitzgerald, L. F. (1987). *The career psychology of women*. Orlando, FL: Academic press, Inc.
- Bimrose, J. (2008). Guidance for girls and women. Í J. A. Athanasou og R. V. Esbroeck (ritstjórar), *International Handbook of Career Guidance* (bls. 375-404). Dordrecht: Springer.

- Blom, I. (1994). *Det er forskjell på folk-nå som før: Om kjønn og andre former for sosial differensiering*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Blustein, D. L. (2006). *The psychology of working: A new perspective for career development, counseling and public policy*. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates, Inc.
- Cook, E. P., Heppner, M.J., og O'Brien K, M. (2005). Multicultural and gender influences on women's career development: An ecological perspective [rafræn útgáfa]. *Journal of Multicultural Counseling & Development*, 33, 165-179.
- Creswell, J. W. (1998). *Qualitative Inquiry and Research Design: Choosing Among Five Traditions*. Thousand Oaks, London, and New Delhi: Sage Publications.
- Farmer, H. S. (1997). Theoretical overview: The longitudinal study. Í H. S. Farmer og félagar (ritstjórar), *Diversity & Women's Career Development: From Adolescence to Adulthood* (bls. 3-33). Thousand Oaks, CA: Sage Publications, Inc.
- Fassinger, R. E. (2005). Theretical Issues in the study of women's career development: Building bridges in a brave new world. Í W. B. Walsh og M. L. Savickas (ritstjórar), *Handbook of Vocational Psychology* (bls. 85-126). London: Lawrence Erlbaum Associates, Publishers.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009). *Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála: Jafnrétti kynjanna í tölum*. (2009). Reykjavík: Höfundur.
- Forsætisráðuneytið. (2004). *Efnahagsleg völd kvenna*. Reykjavík: Höfundur.
- Guðmundur Jónsson. (2004). Hvers kyns velferðarkerfi? Ísland í spegli hinna kvenvænu velferðarkerfa á Norðurlöndum. Í Irma Erlingsdóttir (ritstjóri), *Fléttur II, Kynjafraeðikortlagning* (bls. 191-214). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2009). *Within the Aura of Gender Equality: Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility. A holistic approach*. Óbirt doktorsritgerð: Háskóli Íslands, Stjórn málafræðideild.
- Hagstofa Íslands. (2013a). *Lifandi fæddir, öll börn og frumburðir eftir aldri móður 1971-2012*. Sótt 20. mars 2013 af <http://hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Faaddir-og-danir>
- Hagstofa Íslands. (2013b). *Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi, vinnutími og fjöldi starfandi eftir ársfjórðungum 2003-2012*. Sótt 24. febrúar 2013 af <http://hagstofan.is/Hagtolur/Laun,-tekjur-og-vinnumarkadur/Vinnumarkadur>
- Hagstofa Íslands. (2013c). *Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri og landsvæðum 1999-2011*. Sótt 29. mars 2013 af <http://hagstofan.is/Hagtolur/Skolamal/Framhaldsskolar>
- Hagstofa Íslands. (2013d). *Skráðir nemendur í skólum á háskólastigi eftir kyni og kennsluformi 2001-2011*. Sótt 29. mars 2013 af <http://hagstofan.is/Hagtolur/Skolamal/Haskolar>

- Haley, M. og Sherwood-Hawes, A. (2006). Children having children: Teenage pregnancy and parenthood. Í D. Capuzzi og D. R. Gross (ritstjórar) *Youth at Risk: A Prevention Resource for Counselors, Teachers, and Parents* (bls. 211-242). Upper Saddle River, NJ: Pearson Education, Inc.
- Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir. (2000). Formáli. Í Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir (ritstjóri), *Móðirin í íslenskum ljósmyndum* (bls. 6-8). Reykjavík: Ljósmyndasafn Reykjavíkur.
- Harrington, B., Van Deusen, F. og Ladge, J. (2010). *The new dad: Exploring fatherhood within a career context*. Sótt 4. maí 2013 af http://www.bc.edu/content/dam/files/centers/cwf/pdf/BCCWF_Fatherhood_Study_The_New_Dad1.pdf
- Háskóli Íslands. (e.d.). *Ágrip af sögu Háskóla Íslands*. Sótt 29. mars 2013 af <http://www.hi.is/adalvefur/saga>
- Hennink, M., Hutter, I., og Bailey, A. (2011). *Qualitative research methods*. London: Sage Publications Inc.
- Hodson, R. (1989). Gender differences in job satisfaction: Why aren't women more dissatisfied? *The Sociological Quarterly*, 30, 385-399. Sótt 4. maí 2013 af http://www.ssc.wisc.edu/wlsresearch/publications/files/_private/Hodson_Gender.Differences.in.Job.Satisfaction.pdf
- Hollman, D., Alderman, E. og Adam, H. M. (2008). Fatherhood in adolescence. *Pediatrics in Review*, 29(10), 364-366.
- Hrafnhildur Tómasdóttir. (2012 nóvember). *Staða fólks án atvinnu, úrræði sem gripið hefur verið til og árangur af þeim: Glærur Hrafnhildar*. Sótt 29. mars 2013 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/33679>
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). Að kenna drengjum og stúlkum. Reynsla og viðhorf kennslukvenna. Í Irma Erlingsdóttir (ritstjóri), *Fléttur II, Kynjafræði-kortlagning* (bls. 217-232). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir. (2004). Á ég að vera með þvílíkum kerlingum í bekk? Reynsla eldri og yngri nemenda í leikskólakennaranámi. *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 13(1), 45-63.
- Jón Torfi Jónasson. (2004). Fullorðinsfræðsla og starfsmenntun á Íslandi: Staða og þróun starfsfræðslu og símenntunar. *Gátt-ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2004, 12-19.
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Katrín Björg Ríkarðsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2012, 16. október). Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn? Reynsla átta kvenna af smíðum og tölvunarfræði. *Netla-*

Veftímarit um uppeldi og menntun. Sótt 14. apríl 2013 af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/010.pdf>

Kolbeinn Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir. (2010). Ánægja með fjölskyldulíf fyrir og eftir bankahrun. *Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands.* Sótt 14. apríl 2013 af http://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/frettabref_thjodmalastofnun_ar_8_2010.pdf

Krumboltz, J. D. og Worthington, R. L. (1999). The school-to-work transition from a learning theory perspective. *The career development quarterly*, 47, 312-325.

Laney, E. K., Curruthers, L., Hall, E. L. og Anderson, T. (2013, 8. mars). Expanding the self: Motherhood and identity development in faculty women. *Journal of Family Issues.* Sótt 24. apríl 2013 af <http://jfi.sagepub.com/content/early/2013/03/07/0192513X13479573>

Lloyd, G. (2005). Problem girls: Understanding and working with the troubled and troublesome girls and young women. London: RoutledgeFalmer.

Loftur Guttormsson. (2008). Þjóðfélagsbreytingar og menntamál. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007* (Fyrra bindi, bls. 38-53). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Lög um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrkja og embættis nr. 37/1911.

Lög stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996.

Major, B., Barr, L., Zubeck, J. og Babey, S. H. (1999). Gender and self-esteem: A meta analysis. Í W. B. Swann, J. H. Langlois og L. A. Gilbert (ritstjórar), *Sexism and stereotypes in modern society: The gender science of Janet Taylor Spence* (bls. 223-254). Washington: American Psychological Association.

Marta Joy Hermannsdóttir. (2011). *Fæðingarþunglyndi: Áhrif, afleiðingar og þjónusta.* Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild.

Masselot, A. (2013). *Treatment of pregnant women appalling.* Sótt 14. apríl 2013 af <http://www.research.canterbury.ac.nz/rss/news/index.php?feed=news&articleId=715>

McCauley, J. (1993). Academics. Í S. Jackson, K. Atkinson, D. Beddoe, T. Brewer, S. Faulkner, A. Hucklesby, R. Pearson, H. Power, J. Prince, M. Ryan og P. Young (ritstjórar), *Women's study: A Reader* (bls. 155-160). London: Harvester Wheatsheaf.

Menntamálaráðuneytið. (2007). *Náms- og starfsráðgjöf. Skýrsla starfshóps.* Reykjavík: Höfundur.

Mitchell, L. K., Levin, A. S. og Krumboltz, J. D. (1999). Planned happenstance: Constructing unexpected career opportunities. *Journal of Counseling and Development*, 77(2), 115-124.

- Myers, K. og Raymond, L. (2010). Elementary school girls and heteronormativity: The girl project. *Gender & Society*, 24(2), 167-188.
- Novakovic, A. (2007). *Factors that influence the career planning of adolescent girls in urban high school*. Doktorsritgerð: Háskólinn í Wisconsin-Milwaukee . Sótt 14. apríl 2013 af <http://search.proquest.com/docview/304782273>
- Rauði kross Íslands, (e.d.). *Þeir sem minnst mega sín*. Sótt 24. apríl 2013 af <http://www.raudikrossinn.is/redcross/upload/files/pdf/hvarthrengir.pdf>
- Rendall, M. S. (2003). How important are intergenerational cycles of teenage motherhood in England and Wales? A comparison with France. *Population Trends-No. 111, Spring 2003. Office for National Statistics*. Sótt 14. apríl 2013 af <http://ons.gov.uk/ons/search/index.html?newquery=population+trend+111+spring+2003>
- Sadler, L. S., Swartz, M. K., Ryan-Krause, P., Seitz, V., Meadown-Oliver, M., Grey, M. og Clemmens, A. D. (2007). Promising outcomes in teen mothers enrolled in a school- based parent support program and child care center. *Journal of School Health*, 77(3), 121-130.
- Savickas, M. L. (2005). The theory and practice of career construction. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ritstjórar), *Career development and counseling. Putting theory and research to work* (bls. 42 – 69). Hoboken, NJ: Wiley.
- Savickas, M. L. (2008). Helping people choose jobs: A history of the guidance profession. Í J. A. Athanasou og R. V. Esbroeck (ritstjórar), *International Handbook of Career Guidance* (bls. 97-113). Dordrecht: Springer.
- Sharf, R. S. (2010). *Applying Career Development Theory to Counseling*. (5. útgáfa). Pacific Grove, CA: Brooks/Cole.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2005). Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 11-23.
- Skills Commission. (2008). *Inspiration and aspiration: Realising our potential in the 21st century*. Sótt 29. apríl 2013 af <http://www.policyconnect.org.uk/fckimages/Inspiration%20and%20Aspiration.pdf>.
- Sóley S. Bender. (2005). *Adolecent Pregnancy*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Statistiska centralbyrån. (2013). *Levande födda efter region, kön och moderns ålder. År 1968-2012*. Sótt 20. mars 2013 af <http://www.ssd.scb.se/databaser/makro/MainTable.asp?yp=tansss&xu=C9233001&omradekod=BE&omradetext=Befolkning&lang=1&langdb=1>
- Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson. (2012). *Umfang kreppunnar og afkoma ólíkra tekjuhópa*. (Skýrsla nr. 1). Reykjavík: Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands.
- Super, D. E. (1990). A life-span, life-space approach to career development. Í D. Brown og L. Brooks (ritstjórar), *Career choice and development: Applying contemporary theories to practice* (bls. 197-261). San Francisco: Jossey-Bass.

Svandís Nína Jónsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Hera Hallbera Björnsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2003). *Utanskólarannsókn: Félagsleg staða ungmenna utan framhaldsskóla og samanburður við jafnaldra þeirra í framhaldsskólum*. Reykjavík: Rannsóknir & greining ehf.

Tryggingastofnun. (e.d.). *Meðlag*. Sótt 22. apríl 2013 af <http://www.tr.is/barnafjolskyldur/medlag/>

Vinnumálastofnun. (e.d.). *Atvinnuleysisbætur*. Sótt 22. apríl 2013 af <http://www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleysisbaetur/>

VR. (2013). *Er eitthvað ósýnilegt á þínum vinnustað?* Sótt 1. mars 2013 af <http://jafnlaunavottun.vr.is/>

Wahn, E. H. (2007). *Teenage childbearing in Sweden. Support from social network and midwife* [rafræn útgáfa]. Stockholm: Karolinska Institutet.

Weber, J. B. (2012). Becoming teen fathers: Stories of teen pregnancy, responsibility, and masculinity [rafræn útgáfa]. *Gender & Society*, 26, 900-921.

Þjóðskrá Íslands. (e.d.). *Barneignir*. Sótt 22. apríl 2013 af <http://www.island.is/fjolskyldan/barneignir/>

Fylgiskjal 1

Viðtalsrammi sem stuðst var við í gagnasöfnun.

1. Bakgrunnsupplýsingar

Aldur

Fjölskylduaðstæður

Búseta

Skóli/atvinna

Hvenær eignaðist móðir þín sitt fyrsta barn

2. Barnæska, uppvöxtur og fjölskyldubakgrunnur

Hvar fædd/alín upp

Samsetning fjölskyldunnar

Hvernig var barnæskan

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór

Hvenær fluttir þú að heiman

3. Meðganga

Hve gömul þegar barnið fæðist

Hve gamall var barnsfaðirinn

Notaðir þú/þið getnaðarvarnir

Heilsa á meðgöngu

Samskipti við barnsföður, eruð þið ennþá saman, ef ekki hvenær hætti sambandið

Stuðningur frá barnsföður, fjölskyldu og vinum

Stuðningur frá fagaðilum

Var meðgangan plönuð

Hvernig leið þér þegar þú uppgötvaðir þungun

Skóli/starf fyrir eða á meðan á meðgöngu stóð

Upplifun af að vera ung móðir

Hve lengi heima með barnið áður en snúið var aftur til náms eða starfa

4. Skólaganga/menntun fyrir barnsburð

Reynsla af skólagöngu

Ferill skólagöngu, fram að meðgöngu, ef í námi var því haldið áfram eftir fæðingu, ef ekki afhverju ekki

Einhvern tímann íhugað að hætta námi (fyrir þungun)

Hvernig gekk í samræmduprófunum
Hvert var stefnan sett að loknum grunnskóla

5. Skólaganga/menntun eftir barnsburð

Hver var kveikjan af því að fara aftur í nám
Hvernig leið þér með þá ákvörðun
Hverjar voru helstu hindranirnar í upphafi
Hvað var erfiðast að fást við þegar farið var af stað
Hver var helsti stuðningur þinn

6. Atvinna/starfsferill

Ferill atvinnu fyrir og eftir meðgöngu
Varstu í vinnu með námi
Einhverjar hindranir á starfsferli (td vegna barns, skorts á menntun o.s.frv)

7. Náms- og starfsráðgjöf

Hefur þú þegið aðstoð náms- og starfsráðgjafa, ef svo er í hvaða formi
Hvernig nýttist sú aðstoð þér
Hvernig telur þú að náms- og starfsráðgjafar geti helst komið til aðstoðar?

8. Vinir og félagstengsl

Ungar mæður meðal vina

9. Barnið

Hvernig hefur gengið að samræma barnauppeldi og nám/störf
Hvernig og frá hverjum færð þú aðstoð varðandi barnið/börnin
Hefur þú upplifað neikvæðar athugasemdir frá fólki vegna ungs aldurs þíns þegar barnið fæddist
Hefur það að verða mamma ung einhverntíman aftrað þér í námi/starfi

10. Þínar hugmyndir um stuðning

Hverjar eru þínar hugmyndir um stuðning og úrræði fyrir ungar mæður, hvernig getur skólinn hjálpað til að koma til móts við þær svo þær geti haldið áfram í námi